

## Listkennsludeild

# Hljómleikur

Ritgerð til MA-prófs í Listkennsludeild

Helga Þórdís Guðmundsdóttir

Vorönn 2020

**Listkennsludeild**

**Meistaránám í listkennslu**

# **Hljómleikur**

**Ritgerð til MA-prófs í listkennsludeild**

**Einingafjöldi: 30**

**Helga Þórdís Guðmundsdóttir**

**Kt.: 240269-5899**

**Leiðbeinandi: Kristín Valsdóttir**

**Vorönn 2020**

## Útdráttur

*Hljómleikur* er kennslubók í ukulele- og hljómborðsleik fyrir byrjendur og er hluti af lokaverkefni höfundar við LHÍ vorið 2020. Bókin er hugsuð sem söngeflandi námsefni og þá helst fyrir miðstig grunnskóla eða forskóladeildir tónlistarskóla. Er hvatt til þess að lögin í henni séu sungin jafnframt því að leika hljómana við textana. Í þessari ritgerð er vinnuferlinu við úrvinnslu Hljómleiks lýst og hugmyndin að bókinni sett í fræðilegt samhengi.

Í rannsóknarhluta ritgerðarinnar er undirbúningsferli bókarinnar rakið, en hún vannst að nokkru leyti samhliða starfendarannsókn höfundar. Gerð var forkönnun á því hvort þörf væri fyrir efnið, leitað var á lits nokkurra tónmenntakennara og fjórir utanaðkomandi aðilar nýttu frumdrög að efninu í kennslu að einhverju marki.

Nótur eru ekki kenndar í bókinni heldur eru einungis textar uppgefnir og bókstafshljómar gefnir við textana. Bókin er alíslensk, með textum við íslensk lög og gengið er út frá því að allflestir kunnir þau vel þannig að þeir sem nýti hana geti einbeitt sér að hljóðfæraleiknum. Þeirri hugsun má að einhverju leyti líkja við hugmyndir að baki móðurmálsaðferð Suzukis. Gengið er út frá því að almennir kennarar geti nýtt bókina til kennslu en í ritgerðinni eru hugmyndir Alison Daubney um að ákveðin hámenningarskilgreining innan vestræns tónlistarmenningarheims hamli því að almennir kennarar kenni tónlist ræddar, en þeir kenna ýmsar aðrar greinar án þess að hafa til þess sérfræðipækkingu. Einnig er fjallað um nokkrar fræðilegar rannsóknir sem tengjast stöðu tónmenntakennslu á Íslandi og þá helst með tilliti til útgáfu námsefnis í tónmennt í gegnum árin. Frá árinu 1974 og framundir lok síðustu aldar var lítil endurnýjun á kennsluefni fyrir greinina og þá sérstaklega fyrir miðstig. Tónlist er orðin stór þáttur í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar en tónmenntakennurum hefur þrátt fyrir það fækkað í grunnskólum, barnakórum fækkar og söngur barna virðist almennt vera að minnka sem er áhyggjuefni.

## Abstract

*Hljómleikur* is a book that teaches beginners how to play the ukulele and keyboard and is part of the author's final project at LHI in the spring of 2020. The idea behind the book is to encourage singing and is geared toward middle school or pre-school music schools. The songs should be sung while also playing the chords given to the lyrics. In this essay, the work process is described, and the idea behind the book is situated within the relevant theoretical context.

The research part of the essay contains a description of the preparation process for the book, which was executed in parallel with the author's research. A preliminary study on whether there was a need for the book was performed, the opinion of several teachers was sought, and four teachers used a drafted version of the textbook in teaching to some degree.

There are no notes taught in the book, only texts, and chords are given to the texts in hope that general teachers can use the book for teaching. The book is Icelandic, with texts to familiar Icelandic songs that most people know them well so that those who use it can focus on the instruments and playing them. This ideology in some ways resembles Suzuki's music teaching method. The essay explores Alison Daubney's ideas about whether a particular high-culture definition of music in Western societies defrays general teachers from teaching music the same way they teach other subjects without having expertise in the topic. Some academic research related to the state of music education in Iceland is discussed, especially concerning the publication of study material in music throughout the years. From the year 1974 to the end of the 20th century, there was little renewal of teaching material for music education, especially at the middle school level. Music has become a significant part of the nation's representation abroad. However, the number of music teachers has decreased in elementary schools, the number of children's choirs and children's singing generally seems to be decreasing, which is a concern.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.2. Kveikjan .....	6
2. Markmið og tilgangur verkefnisins .....	8
2.1. Tækifæri barna til tónlistariðkunar .....	9
2.2. Uppbygging Hljómleiks .....	10
2.2.1. Ukulele .....	10
2.2.2. Hljómborðið .....	11
2.2.3. Samþætting og sameining .....	11
2.2.4. Hverjum hentar bókin helst? .....	12
3. Fræðilegur bakgrunnur .....	14
3.1. Tónmenntakennsla á Íslandi; rannsóknir og námsefnisframboð.....	14
3.2. Fyrirmyndir í kennslu þurfa ekki alltaf að vera sérfræðingar! .....	19
3.3. Kennsluaðferðir .....	23
3.3. Kennslufræðilegar áherslur .....	25
3.4. Samantekt .....	27
4. Þróun og prófun námsefnis .....	29
4.1. Forkönnun: Er þörf fyrir Hljómleik? .....	29
4.1.1. Viðtöl.....	30
4.1.2. Niðurstöður forkönnunar .....	30
4.2. Að hverju skal gæta þegar kennsluefni er útbúið?.....	32
4.3. Starfendarannsókn .....	33
4.3.1. Hljómleikur í starfendarannsókn .....	34
4.3.2. Kennsla við mismunandi aðstæður .....	34
4.4. Niðurstöður.....	36
5. Lokaorð .....	37
6. Þakkir .....	38
7. Heimildaskrá .....	39
8. Fylgiskjöl.....	44

## 1. Inngangur

*Hljómleikur* er kennsluefni sem verður til að byrja með gefið út sem bók. Efninu er ætlað að hjálfa notandann til að verða sjálfbjarga undirleikari undir almennan söng, annað hvort með því að leika á ukulele eða hljómborð.

Tilfinning og upplifun út frá reynslu sem tónlistarnemi og svo tónlistarkennari og tónlistarkona í yfir 30 ár hefur oft verið á þann veg að finnast sem ofuráhersla hafi verið lögð á fræðin áður en grunnskilningur tónlistaruppbyggingar eða örlítið vald bæði í huga og hendi var komið á hljóðfærið. Í því samhengi og með byrjendakennslu í huga er freistandi að spyrja sig þeirrar spurningar hvort stofnanir eins og grunnskólar og jafnvel tónlistarskólar gætu stundum verið að gera of miklar kröfur til kennara sem tónlistarmanna í stað kennara sem kennslufræðinga. Getur verið að stundum séu gerðar of miklar kröfur um sérfræðikunnáttu á sviði tónlistar eða tónmennta þannig að sá þáttur að geta miðlað kunnáttu til barna á skilvirkan hátt og að virkja hjá þeim sköpunarkraftinn á tónlistarsviðinu verði útundan? Mættu kröfur til tónlistarkennarans stundum vera meiri á að hann sé fær kennari heldur en endilega sérfræðingur á tónlistarsviðinu þegar um kennslu til handa börnum og byrjendum er að ræða? Er þá helst verið að hugsa til þess sköpunarkrafts sem virkja þarf til þess að geta sest niður og leikið undir söngva sem hafa einfalda hljómbýggingu og þarfnast ekki sérfræðilekkingar.

Það skal skýrt tekið fram að sérfræðingar á sviði tónlistar og tónmennta eru mjög mikilvægir kennarar. Það væri hins vegar fróðlegt að kanna hlutfall kennaramenntaðra sem sinna tónlistarkennslu á mótum þeim sem eru tónlistarmenntaðir en hafa ekki kennaramenntun. Hugmyndin með *Hljómleik* er að bókin verði ekki aðeins aðgengileg tónmenntakennurum þó þeir geti vissulega, í ljósi færni sinnar, nýtt hana á mun ótakmarkaðri hátt en almennur kennari, heldur nýtist hún jafnframt almennum kennurum. Bókin er það einföld að kennari sem ekki hefur sérmenntun sem tónlistarkennari getur nýtt hana í kennslu.

Það er þess virði að kanna vel hvers vegna ómenntaðir hljóðfæraleikarar eða „trúbadorar“ geti orðið frábærir tónlistarmenn með því einu að setjast niður og fikta sig áfram. Freistandi er líka að velta fyrir sér hversu sterkt afl væri hægt að virkja hjá börnum með því að gefa þeim örlítinn leiðarvísi að þess konar hljóðfæranámi. Það er alltaf auðveldara fyrir börn að halda áfram ef þau þurfa ekki að byrja á því sjálf að uppgötva upp á eigin spýtur hvernig þau ættu að bera sig að í byrjun.

Allir vita að börn hlusta á tónlist, hún er eitt af þeirra aðal áhugamálum, sérstaklega þegar þau fara að nálgast unglingsárin. Hvar liggur það tónlistaráhugasvið þó fyrst og fremst? Ekki er deilt um að áhugasvið flestra tónlistarneytenda liggur á sviði tónlistar sem ekki hefur mjög flókna hljómfraðilega uppbyggingu. Í því samhengi má til dæmis helst nefna popp- og dægurlagatónlist.

Að mati kennslufræðingsins Johns Dewey hafa reglur og umgjörð skólakerfisins oft á tíðum mótast út frá vísku liðins tíma, samfélagsgerð sem var önnur en hún er í dag. Hann sagði kennara oft á tíðum vera eins konar miðla sem koma til skila þekkingu og færni sem ekki væri þörf á í öllum tilfellum, auk þess að framfylgja reglum um góða hegðun (Dewey, 2000b). Þegar horft er til baka á höfundur mjög auðvelt með að tengja nánast allt sitt tónlistarnám við þessi orð Dewey, hvort sem um er að ræða tónlistarnámi úr hinum ýmsu tónlistarskólum eða tónmenntanámi úr grunnskóla. Það efni sem kennt var mótaðist mest af vísku liðins tíma. „Hinir miklu meistarar“ voru í hávegum hafðir og oft var eingöngu kennt efni sem tengdist háklassík liðinna alda. Þetta leiddi til þess að oft á tíðum var ótti í náminu við að yfir höfuð þora að spyrja kennara leyfis til þess að fá að vinna að verkefnum sem lutu að allt öðru áhugasviði. Allt viðmót gaf það mjög skýrt til kynna að um ákveðna lágmenningu væri að ræða sem ekki væri æskilegt að rækta.

Hugmyndir Deweys ganga út frá því að fastur viðmiðunarrammi í kennslufræðinni séu hin óhjákvæmilegu tengsl milli náms, menntunar og persónulegrar reynslu. Hann benti einmitt á að margir misstu löngun til náms vegna þess hvernig þeir upplifðu nám. Margir tileinkuðu sér færni og kunnáttu með vélrænu stagli, en ekki reynslu, þannig að erfiðara væri að nýta þá reynslu sem öðlast mætti með menntuninni þegar nýjar aðstæður buðu upp á það. Hann vildi leggja áherslu á að börn öðluðust reynslu með námi sínu en hann benti á að eitthvað væri rangt og ófullnægjandi við hvernig reynslunnar var aflað (Dewey, 2000b, bls. 35-37).

Hljómleikur er afsprengi þessara vangavelta og markar einnig ákveðna tilraun til að hvetja börn meira til söngs. Það er sannfæring höfundar að það að geta leikið undir eigin söng og annarra hvetji mjög til söngs. Sömuleiðis að þetta tvennt leysi úr læðingi óendanlegan sköpunarkraft. Það væri mjög forvitnilegt að finna þann trúbador sem eingöngu leikur tónlist annarra en svo virðist sem flestir sem gott vald hafa á að leika og syngja dægurlagatónlist leitist jafnframt við að semja eigin tónlist. Það er eins og menn leitist við að uppfylla ákveðna sköpunarþörf. Undir þetta tekur Arnar Eggert Thoroddsen, félagsfræðingur og aðjúnkt við HÍ. Hann lauk árið 2016 við doktorsverkefni sitt, sem er fé-

lagsfræðileg rannsókn á samfélagi íslenskra dægurtónlistarmanna, og er fyrsta doktorsritgerðin sem fjallar einungis um dægurtónlistarfólk á Íslandi.

Í viðtali sem birtist við Arnar í Morgunblaðinu 28. ágúst 2018 segir hann meðal annars að það hafi verið ótrúlegt hvað fólk hafi viðurkennt frjállega einstaklingsbundna þörf til að skapa:

Þegar fólk talaði um eigin þörf fyrir að skapa var það ófeimið og opið. Stundum var þetta eins og sálfræðitími og fólk gat endalaust talað um hvað þetta hafði mikla þýðingu fyrir það. Það yrði að gera þetta, vera einn í herbergi og glamra á píanó eða gítar og sumir lýstu þessu sem hugleiðslu, mjög náttúrulegri þörf og köllun sem væri ekki hægt að komast undan. (Kristín Heiða Kristinsdóttir. 2018).

Það er þessi sköpunarkraftur sem er svo mikilvægur. Tónlistin þróast áfram eins og allt annað í lífinu, með nýjungum. Það að semja sína eigin tónlist kallar á að sköpunarkraftur sé virkur. Með því að kenna börnum að leika á hljóðfæri án þess að krafan í upphafi sé að þau fari í sérstakt tónlistarnám getur veitt þeim tækifæri til sköpunar á þeirra eigin áhugasviði. Sérniðið tónlistarnám á Íslandi virðist ekki endilega alltaf hafa verið að ýta undir áhugasvið nemenda og má þar til dæmis nefna þáttinn sem snýr að efnisvali. Hljómleikur er tilraun til nýsköpunar sem vonandi verður kærkomin tilbreyting innan kennsluefnisflórunnar, sem þarf og á að vera í stöðugri og samfelldri endurskoðun.

## 1.2. Kveikjan

Höfundur er með víðtækt tónlistarnám að baki í píanóleik, píanókennslu, orgelleik, klassískum söng, auk ýmissa annarra hljóðfæra, og hefur jafnframt kennsluréttindi. Þrátt fyrir alla þessa tónlistarmenntun hafði undirrituð framan af ekki á valdi sínu að setjast niður við hljóðfæri óundirbúin og leika undir og leiða fjöldasöng á auðveldan hátt án þess að styðjast við nótur. Sá þáttur tónlistarnámsins var einfaldlega aldrei þroskaður. Löngunin var hins vegar lengi framan af að verða fær „partýspilari“ eða undirleikari sem gæti sest niður hvar og hvenær sem er og leikið á hljóðfæri sín án þess að þurfa að nýtast við nótur. Út frá þessum hugleiðingum má segja að sá draumur hafi ágerst að þróa og útbúa kennsluefni fyrir börn sem myndi kenna þeim einfalda undirleikshljóma á ukulele eða hljómborð svo að þau myndu ná einhverju valdi á hljóðfæri áður en þau færu að lesa nótur. Í framhaldinu fór hugmyndin að baki Hljómleik að taka á sig mynd.

Þrátt fyrir að höfundur sé mun færari í því að leiða söng án þess að styðjast við nótur í dag en áður hefur sú færni nánast eingöngu þróast með hjálp uppgefina hljóma og æfingar, og það eitt og sér hefur ýtt undir hugsanir um það hvort grunnkennsla á hljóðfæri



byrji alltaf á réttum enda. Í gegnum tíðina hefur nefnilega verið mjög forvitnilegt að fylgjast með mörgu samferðarfólki sem var mun flinkara við að leiða almennan fjöldasöng eða leika undir eigin söng þrátt fyrir að hafa enga formlega tónlistarmenntun.

Þessar hugleiðingar leiddu til þess að höfundur ákvað að skoða þessa þætti nánar, kanna útgefið námsefni í tónmenntum og stefna að því að vinna námsefni sem myndi vonandi stuðla að því að hjálpa börnum af stað og efla færni þeirra í að leika á ukulele og hljómborð undir eigin söng eða annarra.

## 2. Markmið og tilgangur verkefnisins

Markmið verkefnisins er að börn í skólakerfinu sem ná að ljúka við að fara í gegnum Hljómleik séu fær um að fara í textabækur og á netið í lagaleit og geti leikið flest lög sem hafa einfalda hljómgerð sem þar má finna. Auðvelt er að nálgast texta við lög með bókstafshljómum en ekki er mikið um að kennsluleiðbeiningar fylgi þannig að byrjendur viti hvernig þeir geti borið sig að. Hljómleikur leiðir nemendur stig af stigi áfram og auðveldar þeim að ná færni til að geta sungið og leikið undir söng sjálfir, ýmist með ukulele eða hljómborði og trommað hryn með. Efnið býður jafnframt upp á að þjálfva nemendur í að vinna sem hópur þannig að þeir geti á auðveldan hátt myndað hljómsveit. Framtíðarmarkmiðið er að nemendur þjálfist nægilega vel í hlustun og hljómaleit út frá vinnu með efnið til að þeir fái smám saman tilfinningu fyrir því hvernig hljóma væri æskilegt að nota án þess að hafa hljómmyndir við. Námsefnið ætti til dæmis að þroska tilfinninguna fyrir því hvar í lagi er grunnhljómur, forhljómur og undirforhljómur, en þetta eru þeir hljómar sem mest eru ríkjandi í söngvum af einfaldari gerð. Börnin læra undirstöðuhljóma að einfaldasta undirleik og samleik með ukulele og hljómborði en fá einnig smá innsýn í notkun á takti og hryn.

Með tilkomu nýrrar menntastefnu og útgáfu aðalnámskráa á öllum skólastigum árið 2011 voru kynntir sex grunnþættir menntunar: Læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hljómleikur styður við alla þessa grunnþætti menntunar. Hugsunin er að börn verði sjálfbær með eigin undirleik og geti sjálf leikið undir lög með hljómbókstöfum. Til að byrja með snýst sköpunarþátturinn mest um móta undirleikinn og hryn við sönginn. Í framhaldi þess að syngja meira og að hafa náð færni á hljóðfæri er vonast til að það hvetji nemendur til að búa til sína eigin tónlist. Lýðræði og jafnrétti nýtur sín ekki síst þar sem efnið gengur meðal annars út á að mynda samhljóm og geta leikið saman. Þar er útgangspunkturinn að hver og einn þarf að taka tillit til allra annarra. Lag verður aldrei lag nema allir leiki á sama hraða – hljómsveitin verður að vera í takt! Allir hlekkir keðjunnar eru jafn mikilvægir en einnig er aðgengilegt fyrir þá sem eiga auðvelt með efnið að halda áfram að bæta eigin færni á sínum hraða. Þeir þurfa þó alltaf að fylgja hinum þegar um samleik ræðir, sem hjálpar til við að kenna þeim að taka tillit til hvers annars. Það eitt og sér ýtir undir mannréttindi, jafnrétti og heilbrigð samskipti, auk þess sem sköpunarkrafturinn fær að blómstra. Í bók Ingvars Sigurgeirssonar (1999), *Litróf kennslu- aðferðanna*, má sjá mörg dæmi um ávinning hópvinnu, til dæmis:

Hópvinna hefur lengi átt sér talsmenn í hópum uppeldisfræðinga og skólamanna. John Dewey, áhrifamesti uppeldisfræðingur seinni tíma, lagði í ritum sínum áherslu á að nemendur fengju að vinna að sameiginlegum viðfangsefnum í hópum og hann er yfirleitt talinn höfundur þeirra aðferða sem byggja á því að nemendur starfi saman í hópum að því að kanna viðfangsefni með lýðræðislegum hætti (Ingvar Sigurgeirsson, 1999).

Hópvinna með Hljómleik þarf ekki að vera einþætt, það er að segja að allir séu að leika sama lagið á sama hljóðfæri, heldur býður efnið upp á það að einhverjir geti leikið á ukulele og einhverjir á hljómborð eða hljóðfæri sem hafa yfir sambærilegu nótnaborði að ráða, eins og til dæmis klukkuspil eða tréspil. Einungis þarf að gæta að því að nemendur læri að taka tillit til hvers annars þrátt fyrir að vera misjafnlega staðsettir hvað varðar þekkingu og leikni. Aðalnámskrá (2013) kemst svo að orði um þessi atriði: „Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.“

Námsefnið Hljómleikur byggir upp þekkingu á grunnuppbyggingu hljómagangs, sem auðveldar nemandanum að þjálfna leikni bæði á ukulele og hljómborð. Námsefnið vinnur einnig með mismunandi hryn- og stíltegundir sönglaga. Það ætti að vera nokkuð auðvelt að nýta bókina sem grunn að samspili nokkurra barna og gætu þá börnin verið hvert með sitt hljóðfærið og öll ættu að geta sungið með.

## **2.1. Tækifæri barna til tónlistariðkunar**

Öll börn ættu að fá tækifæri til að læra að leika undir söng á einföld hljóðfæri, hvort sem það er þeirra eigin söngur eða annarra. Í tæknisamfélagi hefur kennslan verið að þróast þannig að víða eru börn farin að læra að vinna með námsefni sitt í gegnum spjaldtölvur eða tölvur. Tónmenntakennslan er þar ekki undanskilin og sums staðar hafa börn lært að nýta ýmis tónlistarforrit sem í boði eru. Einnig er auðvelt að sækja sér undirleik við þekkt lög sem verður til þess að mörg börn leika sér að syngja við slíkan undirleik, hafi þau til þess þekkingu og færni. Þarna mætti leiða að því líkum að söngþróun hafi aðeins farið frá því að koma saman og syngja saman yfir í að syngja einn með sjálfum sér. Það ætti samt að passa vel upp á að samsöngurinn verði ekki útundan og þá ekki síst vegna félagsbætandi atriða sem samsöngur og hópvinna býður upp á. Eins og orðið „samsöngur“ gefur til kynna er komið saman og sungið og þar af leiðandi er sjálfkrafa um samvinnu og félagsskap að ræða. Eitt af markmiðum Hljómleiks er að nýta kennsluefnið til að efla þann félagslega þátt sem samsöng fylgir, ýta undir sköpun barna með því að veita þeim tæki til að styðja

sjálf við sinn söng og að skólastofan og skólinn geti myndað einskonar eigin brekkusöng, þar sem undirleikur barnanna sjálfra magnar upp sönginn.

Hefðbundin tónlistarkennsla í tónlistarskólum snýst oft um að kenna börnum marga hluti í senn. Það er að átta sig á hljóðfærinu sem þau eru að læra á, hvar nóturnar liggja á viðkomandi hljóðfæri og hvernig þær skuli leiknar. Er þeim á sama tíma ætlað að átta sig á tónfræðilegri uppbyggingu nótnastrengja, lykla og hvernig nótur raðast upp á þeim, auk heilmargra tónlistartákna sem markvisst hafa verið tekin inn í kennslubækur strax í upphafi. Þessa miklu áherslu á ofantalin atriði strax í upphafi tónlistarnáms telur höfundur vera út frá eigin námi, kennslureynslu og samtölum við kollega, heldur erfiða leið. Það mætti hugsanlega leiða að því líkum að börnum gangi betur í tónlistarnámi fái þau betri grunnskilning á hljóðfæri í tónmenntakennslu innan grunnskóla eða í forskóladeildum tónlistarskóla, hafi þau á annað borð áhuga og fjárhagslegt bakland til að ástunda slíkt nám.

## **2.2. Uppbygging Hljómleiks**

Í þessum undirkafla verður uppbyggingu Hljómleiks lýst og fjallað um þau hljóðfæri sem unnið er með í námsefninu.

Ekki er sýnt hvernig leika skuli laglínur á ukulele í Hljómleik, heldur er hugsunin sú að ýta undir að börnin syngi lögin sjálf og læri að leika hljóma undir. Í stuttu máli má því segja að meginhugmyndin að baki bókinni gangi út á að hún verði söngeflandi námsefni. Nótur eru ekki kenndar, heldur er sýnt hvernig leika skuli eftir bókstafshljómum sem eru uppgefnir fyrir ofan texta laganna. Hljómamyndir (ukulele og hljómborðs) eru einnig sýndar við flest lögin. Hugmyndin er að nýta þekkt lög úr umhverfi barnanna, slík vinna er einfaldari heldur en ef um nýja og óþekkta söngva væri að ræða. Ef kennari áttar sig á að börn einhverra hluta vegna kunna ekki lög í bókinni eru yfirgnæfandi líkur á að hann kunni lögin sjálfur eða að þau sé auðvelt að finna á netinu, til dæmis á YouTube.

### **2.2.1. Ukulele**

Ukulele er strengjahljóðfæri sem líkist gítar en er mun minna og er ættað frá Hawaii. Ástæða þess að ákveðið var að vinna með ukulele sem undirleikshljóðfæri í Hljómleik er hversu einfalt og þægilegt hljóðfærið er. Það er lítið, svo auðvelt er að ferðast með það og er einungis með fjóra strengi en ekki sex eins og hefðbundinn gítar. Strengirnir eru yfirleitt úr næloni og henta því litlum fingrum vel. Ukulele er líka mjög hljómrænt hljóðfæri en hefðbundinn undirleiksþríhljómur byggist upp á þremur nótum. Sökum þess að ukulele hefur fjóra strengi heyrast fjórar nótur þegar leikið er á það en hver strengur ukulelesins

myndar eina nótu og fer það eftir því hvernig við stillum fingrum vinstri handar á hljóðfærið hvaða hljómur er myndaður. Í Hljómleik eru í mesta lagi notaðir þrír fingur til hljómmyndunar.

Ukulele kosta ekki svo mikið þannig að fyrir flest börn og skóla sömuleiðis ætti ekki að vera kostnaðarsamt að fjárfesta í þeim. Auðvelt er að læra á ukulele og það verðlaunar fljótlega því það býður upp á að fólk ráði fljótt við að syngja og spila mörg lög án þess að vera í erfiðleikum með það (Grove-White, 2017, bls. 86).

### **2.2.2. Hljómborðið**

Hljómleikur tekur einnig fyrir grunnkennslu að hljómborðsleik, það er hljómrænan undirleik. Ástæða þess að hljómborðið er valið er að píanó eða hljómborð eru mjög leiðandi undirleikshljóðfæri. Í almennu píanónámi tónlistarskólanna gengur kennslan í upphafi hins vegar oftast meira út á að kenna nótur og nótnalestur heldur en hljómagang og undirleik við söng.

Í upphafi er reynt að efla tilfinninguna fyrir hljómborðinu og uppbyggingu þess út frá svörtu og hvítu nótunum. Svörtu nóturnar eru eins og einskonar landslag hljómborðsins og gott er að nota þær til stuðnings við að finna hvítu nóturnar. Þær eru alltaf tvær eða þrjár saman og hægt er að líta á þær sem eins konar tvíbura eða þrúbura. C-nótan er hvít nóta sem á t.d. heima undir öllum tvíbúrum. Þegar börnin hafa áttað sig á þessu landslagi er auðvelt fyrir þau að finna hvítu nóturnar, en tónfræðileg uppbygging hljómborðsins er þannig að einfaldast er að mati höfundar að byrja á því að kenna lög þar sem einungis hvítar nótur eru. Þegar börnin hafa fengið nokkuð góða tilfinningu fyrir algengustu hljómskiptingum einföldustu laga þyngjast lögin smám saman og flóknari hljómgærðir bætast við.

### **2.2.3. Samþætting og sameining**

Hljómleikur býður upp á samþættingarmöguleika við aðrar námsgreinar og kennara. Útfærsluatriði varðandi þessa hugmynd eru óútfærð í námsefninu, en líta má svo á að með Hljómleik hafi kennarar einhverskonar nýtt tæki til þess að virkja og nýta sinn eigin sköpunarkraft eins og þeim best líst á. Aðalnámskrá grunnskóla (2011) leggur mikla áherslu á vinnu með sköpun og það að leitast sé við að þjálfa upp sköpunarhæfni nemenda á fjölbreyttan hátt. Í Aðalnámskránni (2013) er að sama skapi talað um mikilvægi sköpunarþáttarins. Þar stendur meðal annars:

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi.

Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013)

Þarna má glögglega greina hvernig Aðalnámskrá (2013) metur tónlistina sem órjúfanlegan þátt sköpunar. Ekki er síður mikilvægur sá þáttur sem tónlistin hefur til félagslegrar tilvísunar, í Aðalnámskrá (2013) er einnig farið inn á að tónlistin hefur í gegn um tíðina verið notuð sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks. Tónlist tengist órjúfanlegum böndum inn í allskonar menningarheima og mismunandi menning tengist breytilegri tónlist og er því til dæmis lýst á eftirfarandi hátt í Aðalnámskrá (2013):

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 150)

Það mætti eflaust fullyrða að öðruvísi menningarheimur hlusti yfirleitt á þungarokk eða pönktónlist heldur en til dæmis barokktónlist. Er það nærtækt dæmi um hvernig útskýra megi hvernig tónlist tengist og tengir fólk á mismunandi hátt ýmist félagslega eða menningarlega.

Framangreint styður mjög við þá hugmyndafræði sem stuðst er við í Hljómleik. Efnið er söngeflandi, eflir sköpunarkraftinn, eflir félagslega þáttinn með samhljóm og samvinnu, eflir samhæfingu og útsjónarsemi í huga, heyrn og höndum auk fleiri þátta.

#### **2.2.4. Hverjum hentar bókin helst?**

Hljómleikur er einna helst hugsaður fyrir miðstignemendur í grunnskólum eða fyrir forskóladeildir tónlistarskólanna. Önnur skólastig, ásamt fullorðinsfræðslu, geta einnig nýtt efnið en lagavalið tekur þó helst mið af börnum.

Mikilvægt er að gæta þess að hafa hljóðfærahópuna ekki of stóra, til þess að börnin njóti sín og kennarar kulni ekki í starfi. Það er mismunandi eftir kennurum og uppbyggingu nemendahópsins hversu stórum hópum kennarar treysta sér til að vinna með, því ekki er mælt með stærri hópum en átta börnum til að byrja með. Mögulega getur hópastærð tekið mið af því hvaða aldri verið er að kenna. Líklegt er að forskólar tónlistarskóla gætu nýtt kennsluefnið með yngri börnum, þar sem öll börnin hafa sérstaklega valið að koma í skólann vegna tónlistaráhuga og þar eru í flestum tilfellum ekki fleiri en 6-8 börn í hóp.

Í forskóladeildum tónlistarskólanna fengju börn grunnhljóðfæraþekkingu tengda undirleik við söng eða hljóðfæraleik, gerðu sér grein fyrir algengustu hljómrænu uppbyggingu laga og þau yrðu komin með þekkingu á taktlegri uppbyggingu laga o.fl. Þessi vinna gæti farið fram samhliða blokkflautukennslu eða annarri forskólakennslu þar sem hljóðfæri eru tekin með og yrði þá aðaláherslan á að þjálfa börn til undirleiks við lög sem áður nefnd hljóðfæri leika út frá hljómunum. Þar er kominn vísir að hljómsveit. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er ítrekað mikilvægi þess að nemendur vinni saman og þar segir:

Hópvinna getur alið af sér samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Hún styrkir sjálfsmynd og eykur sjálfstraust og samábyrgð nemenda. Markmiðið getur til dæmis verið að vekja nemendur til umhugsunar, fá þá til að skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum tiltekins máls, kenna þeim að tjá sig og taka tillit til annarra. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 203)

Í tilvísuninni hér að ofan er ítrekað mikilvægi þess að bjóða börnum upp á að skapa og vinna saman í hóp sem ein heild. Það að kenna þeim grunn að því að vinna saman sem hljómsveit ætti að vera mikilvægur þáttur í þroskaferli barna samkvæmt ofantöldum tilvísunum.

Thomas A. Regelski talar í bók sinni *Teaching General Music* (2004) um mikilvægi þess að miðstignemendur fái tækifæri til að skapa saman á hljóðfæri og að fá að vera saman í hljómsveit. Það hvetur þá til að búa til eitthvað nýtt. Hann vill meina að tónlistarþroski nemenda breytist þegar þeir fari yfir á miðstigið, þeir færast óðum nær unglíngamenningunni. Nemendur eru þá ekki eins móttækilegir fyrir því að hlusta á allskyns tónlist, svo þar af leiðandi getur verið erfiðara fyrir kennara að skipuleggja mikla hlustun á t.d. austurlenskri tónlist fyrir miðstignemendur samanborið við grunnstignemendur. Þegar börn fara yfir á miðstig virðist vera að áhugasvið þeirra fari mun meira inn á að hlusta á popp- og rokktonlist heldur en önnur form tónlistar enda breytist félagsskapur þeirra og áhugasvið á þessum þroskamótandi árum. Þeir verða jafnvel áhrifagjarnir og eignast sínar fyrirmyndir sem eru ógjarnan frægir tónlistarmenn (Regelski, 2004).

### 3. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður fjallað um nokkrar fræðilegar rannsóknir sem tengjast stöðu tónmenntakennslu á Íslandi og þá helst með tilliti til útgefins námsefnis í tónmennt.

#### 3.1. Tónmenntakennsla á Íslandi; rannsóknir og námsefnisframboð

Árið 1987 hóf Ingvar Sigurgeirsson mjög viðamiklar rannsóknir á notkun námsefnis í 5.-7. bekk og setti fram í skýrslu sem var gefin út árið 1994. Sú skýrsla sem byggð er á í umfjöllun hér er byggð á doktorsritgerð Ingvars (1992) er nefnist *The Role, Use and Impact of Curriculum Materials in Intermediate Level Icelandic Classrooms* og einnig nýju efni. Þetta var viðamikil skýrsla en rannsakandi fylgdist með 667 kennslustundum og voru upplýsingar um þær síðan færðar inn í sérstakan gagnagrunn. Út frá skýrslu Ingvars kom einna helst í ljós að þörf var fyrir kennsluefni í tónmennt og af viðræðum við tónmenntakennara á vettvangi mátti ráða að veruleg þörf væri á að flýta endurskoðun námsefnis í greininni. Námsefnið *Tónmennt* (Pétur Hafþór Jónsson, Helga Jóhannsdóttir, Herdís H. Oddsdóttir, Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, Hlín Torfadóttir, Njáll Sigurðsson, . . . Páll Þorsteinsson. 1977 -78) var notað í 7 af þeim 30 tónmenntatímum sem fylgst var með. Þess ber þó að geta að þetta eru yfir 20 ára gamlar rannsóknir, en ýmislegt bendir til þess að ekki hafi margt breyst í tímanna rás (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2003).

Árið 1994 ritaði Ingvar Sigurgeirsson skýrslu þar sem grein er gerð fyrir helstu rannsóknnum sem þá höfðu átt sér stað á notkun námsefnis og hvernig viðhorf kennara var til þess (Ingvar Sigurgeirsson, 1994). Það kom fram að Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnússon (1987) gerðu ítarlega könnun meðal kennara og skólastjórnenda og var þar spurt um aðbúnað og aðstöðu í fámennum skólum og viðhorf til kennslu, kennslugagna og kennsluhátta. Meðal annars var spurt um hvernig kennurum nýttust námsgögn sem Námsgagnastofnun gefur út. Námsefni í flestum bóknámsgreinum fékk góða dóma hjá þeim kennurum sem svöruðu en ekki var sama uppi á teningnum með list- og verkgreinakennara. Afstaða þeirra virtist helst litast af því að lítið hefði verið gefið út af efni fyrir þessar greinar. Tónmenntanámsefnið kom illa út í þessari könnun en þess verður þó að geta að fáir voru þar til svara. Hér ber þess jafnframt að geta að rannsóknin var gerð fyrir um 30 árum síðan og því rétt að velta fyrir sér hversu marktækar niðurstöðurnar eru í dag.

Helstu niðurstöður úr rannsóknnum þeirra Ingvars og Margrétar og Sigþórs bentu til þess að gríðarleg vöntun hafi verið á góðu kennsluefni í tónmennt á tíunda áratugnum. Það er sömuleiðis áhugavert að leiða hugann að skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar (1994) þegar hugsað er til tónmenntakennslu á Íslandi. Þar kom fram að svör við einni spurningu rannsóknar hans sýndu að námsefnið „stjórnaði“ að miklu leyti kennslunni. Í því sambandi



má nefna að fjölmargar erlendar rannsóknir (Ingvar Sigurgeirsson, 1994) hafa leitt í ljós að víða stjórnast verulegur hluti kennslu af því námsefni sem kennarar hafa valið að nota í bekkjum sínum. Þar sem lítið var um útgefið kennsluefni á Íslandi til að styðjast við er því forvitnilegt að leiða hugann að því hvort uppbygging tónmenntakennslu hafi stjórnast að verulegu leyti af tilfinningu hvers kennara fyrir kennsluefni, uppbyggingu kennslu og kennslufræðilegum atriðum.

Kristín Valsdóttir framkvæmdi viðtalsrannsókn (2005-2006) í meistaraverkefni sínu *Einhverskonar Alí Baba* (2006). Þátttakendur í rannsókninni voru tónmenntakennarar sem vegnaði vel í starfi og beindist rannsóknin að líðan þeirra, viðhorfum til tónlistar og starfsumhverfi þeirra. Þeir höfðu mjög fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem opnaði þeim sveigjanleika í starfi. Þeir töldu leiðbeinandi námskrá í tónmennt mjög sveigjanlega sem veitti þeim frelsi til að feta sínar eigin leiðir í kennslunni og voru óhræddir við það. Fram kom til dæmis að kennarar nýttu frekar eigin þekkingu og reynslu til að skapa sitt eigin kennsluefni út frá þekkingu og áhuga heldur en að vera með annað kennsluefni. Það yrði ekki spennandi ef þess væri krafist að ákveðnir fastmótaðir þættir skyldu kenndir hverju sinni og samræmdir yfir alla skóla. Á móti var bent á að frelsið byði meðal annars upp á að skólar komist upp með að gera ekkert í tónmennt og að tónmenntakennarar geti kennt eitthvað allt annað en tónmennt. Í svörum fólst því bæði að kennarar kunnu að meta frelsi sitt en um leið að viss samræming myndi gera feginu gott (Kristín Valsdóttir, 2006).

Árið 2003 myndaði Reykjavíkurborg starfshóp sem átti að koma með tillögur að úrbótum vegna vanda tengdum tónmenntakennslu í Reykjavík (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2003). Þar var meginástæða vandans talin vera skortur á tónmenntakennurum. Hópurinn fór í heimsóknir í alla grunnskóla borgarinnar til að kanna stöðu tónmenntar og kynnti sér aðstæður á hverjum stað. Ef horft er sérstaklega til stöðu námsefnisframboðs út frá niðurstöðum þessarar skýrslu kom fram að lítið hafði gerst í þróun þeirra mála í 20 ár. Starfshópurinn lagði til að komið yrði upp hugmyndabanka fyrir kennara og Þróunarsjóður grunnskóla eflur með fjárveitingu til námsefnis í tónmennt svo að tónmenntakennarar gætu sótt um úr sjóðnum við gerð nýs námsefnis. Athygli vekur að starfshópurinn lagði sérstaklega til að útgáfa yrði bætt á yngri stigum en einnig var ljóst að mikil vöntun var á efni fyrir miðstig og unglingsstig (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008).

Helga Rut Guðmundsdóttir (2008) gerði viðamikla rannsókn sem ber heitið “Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum”. Eins og titillinn ber með sér var tilgangur þessarar rannsóknar að draga upp mynd af útbreiðslu tónmenntakennslu og aðstæðum til

kennslunnar. Helstu niðurstöður þessarar skýrslu voru að erfiðlega gekk að manna tónmenntakennarastöður, álag fylgdi hópastærðum og bæta þurfti námsefni, tímafjölda í kennslu, aðstæður, hópastærðir og tækjakost.

Sé kafað nánar ofan í það sem fram kemur í skýrslu Helgu Rutar (2008) er varðar þörf fyrir úrbætur á námsefni vekur athygli að færri nefndu að brýn þörf væri á því heldur en öðru sem brýn þörf væri á að laga, miðað við að nokkur umræða hafði verið á meðal tónmenntakennara um skort á námsefni hér áður (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2003). Hún bendir á að skýringar á því gætu verið þær að kippur hafði nýlega orðið í útgáfu námsefnis, en þó eingöngu fyrir 1.-4. bekk, og þess ber þá að geta að í rannsókn hennar kom í ljós að þar sem tónmennt var kennd var hún aðallega í boði fyrir yngstu börnin. Einnig veltir Helga Rut upp þeirri mögulegu skýringu að kennarar hafi virst svo vanir að vinna með heimagert efni að þeir settu námsefnisgerð kannski ekki efst á listann þegar um forgangsroðun úrbóta var að ræða.

Helga Rut birti niðurstöður annarrar rannsóknar árið 2013 þar sem hún kannaði hlutverk og fyrirkomulag íslenskra tónmenntakennara í tónmenntakennslu. Viðtöl voru tekin við tólf tónmenntakennara sem valdir voru af handahófi á landsvísu. Þar kom fram að söngur var algengasti liðurinn í tónmenntakennslunni og þótti ómissandi. Tólf kennarar svöruðu spurningarlista og kom þar fram að allir nema einn myndu velja að sinna söngþættinum ef þeir mættu bara sinna einum þætti tónmenntarinnar. Söngur í skólastarfi virðist helst fara fram með samsöng, kórustarfi og söngleikjastarfi. Í rannsókninni kom einnig fram að undirleikur við söng væri mjög mikilvægur þáttur í skólum og algengast væri að tónmenntakennarar sinntu honum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013, bls. 42).

Á árunum 2009-2013 var gerð mjög umfangsmikil rannsókn á starfsháttum í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru gefnar út árið 2014 (Starfshættir í grunnskólum, 2014). Þar var meðal annars verið að skoða viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna skóla til fjölmargra þátta í skólastarfi. Skólabyggingar, stjórnun og skipulag voru, auk annarra þátta, til skoðunar. Gagna var aflað í 20 grunnskólum um allt land en þó voru flestir á höfuðborgarsvæðinu, eða alls 16 skólanna. Rannsóknir voru í formi vettvangsathugana, spurningakannana og viðtala. Var þessari starfsháttarannsókn ætlað að veita yfirsýn yfir starfshætti í íslenskum grunnskólum og var hún ein sú umfangsmesta sem gerð hefur verið á skólastarfi hér á landi (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

List- og verkgreinar voru skoðaðar sérstaklega í rannsókninni til að reyna að varpa ljósi á umfang, starfshætti og inntak þeirra í skólastarfi. Rannsóknir á þessum greinum hafa

verið af skornum skammti bæði hérlendis og víða erlendis. Allar list- og verkgreinarnar átta sem rannsóknin nær til urðu fyrst lögboðnar með grunnskólalögum frá 1991 þó megi rekja vísi að flestum þeirra til fyrri hluta 20. aldar. Það eitt og sér segir kannski eitthvað um hversu mikilvægar þessar greinar þóttu vera áður fyrr og hvernig til þeirra var lítið. Hvað námsefni og kennsluhætti tónmenntar varðar mátti sjá að tónmenntakennarar fóru dálítið sínar eigin leiðir og notuðu mismunandi aðferðir og kennslunálgun, eins og áður hefur komið fram (Kristín Valsdóttir, 2009; Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013). Að því er varðar hugleiðingar um samvinnu og samþættingu tónmenntar við aðrar greinar voru kennarar spurðir um samstarf við list- og verkgreinakennara. Þar kom fram að mikill meirihluti þeirra var í litlu samstarfi við þá en ef samstarfið er skoðað eftir greinum kemur í ljós að stærstur hluti almennra kennara sem á annað borð átti í einhverju samstarfi við list- og verkgreinakennara átti í samstarfi við tónmenntakennara. Einnig kemur fram í skýrslunni að tónmennt var helst í boði í yngstu árgöngunum og dró úr henni frá og með 5. bekk. Þessar niðurstöður eru í samræmi við athuganir Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2008) (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Það er rík hefð í menningararfi okkar Íslendinga fyrir samsöng þegar við hittums og gleðjumst, sbr. brekkusöngur í Eyjum um verslunarmannahelgi. Margar rannsóknir sýna að söngur í hóp eða kór hefur reynst stuðla að lífsgæðum og mælanlegri bót á líðan hjá fullorðnum og hefur hjálpað til við tilfinningalega, félagslega og vitsmunalega þátttöku í samfélagi okkar (Huhtinen-Hilden og Pitt, 2018). Ljóst er að barnakórum hefur fækkað verulega á þessari öld og færri tónmenntakennarar fást til starfa (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Það er mikið áhyggjuefni. Söngur hefur líka verið mjög ríkjandi í kirkjum landsins og almennt tók fólk nokkuð vel undir í söng og kirkjukórar voru flestir stórir og mikið starf í kring um þá. Í dag er sáralítið um að almenningur taki undir í sálmasöng, langsamlega algengast er að kirkjukór, sönghópur eða forsöngvari leiði hinn almenna safnaðarsöng í hefðbundnum messum og að almenningur syngi lítið sem ekkert með. Óvíst er hvað veldur þessu, mikið hefur verið rætt um ástæðurnar og meðal annars þær að hin ofurmikla áhersla sem var á raddaðan söng í kirkjunum hafi smám saman gert hinn almenna kirkjugest frekar að áheyranda heldur en þátttakanda. Líklega hefur það þó einnig áhrif að kirkjusókn er almennt að minnka.

Fleiri rannsóknir staðfesta það að söngur barna sé á undanhaldi á Íslandi og ýmsar rannsóknir benda til minnkandi söngs innan skólakerfisins. Auður Guðjohnsen (2017) rannsakaði til dæmis þróun söngs hjá börnum í M.Art.Ed. verkefni sínu frá Listaháskóla

Íslands (LHÍ). Þar vann hún meðal annars könnun þar sem spurt var um skoðun þátttakenda á vaxandi áhyggjum af stöðu barnakóra í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og því að barnakórastarf virtist vera á undanhaldi. Það vakti sérstaka athygli að 22 þátttakendur af 26 tóku undir þessar áhyggjur og töldu þær vera réttmætar. Þrátt fyrir grósku í kórastarfi meðal fullorðinna þar sem upp spretta allskyns tegundir smærri og stærri kóra undir mismunandi formerkjum, er ekki ólíklegt að slíkt starf detti upp fyrir með tíð og tíma ef söngur barna er á undanhaldi. Ef börn taka lítinn eða sífellt minni þátt í söng á leikskóla- og grunnskólaárum þá er ólíklega að þau syngi mikið á unglings- og fullorðinsárum. Hugsanlega ástæðu fyrir undanhaldi barnakórastarfs mætti eflaust tengja, að hluta, við minnkandi vægi söngs í menntun tónmenntakennara. Hlutverk Hljómleiks er að styðja við söng og markar tilraun til þess að efla hann á nýjan hátt. Með því að gera börnin sjálfbær til undirleiks við sönginn má leiða að því líkum að hvatinn til að syngja verði mun meiri hjá börnum og í raun öllum sem vilja nýta sér þessa bók. Þegar börn hafa farið í gegnum Hljómleik og lært að leika undir þau lög sem þar eru er líklega að þau haldi áfram sjálf á netinu og leiki undir flest þau lög sem eru vinsæl hverju sinni. Undirleikurinn er mikilvægur hvati til söngs. Þegar nemendur leika á hljóðfærin sín gefst þeim frábært tækifæri til sköpunar og þannig opnast líka möguleikinn á að geta búið til nýja tónlist (Regelski, 2004). Kennarar geta verið að opna nýjan heim fyrir nemendum sínum með því að opna fyrir sköpunarþáttinn hjá þeim og með því fá þá til að tjá sig í gegnum tónlist. Þetta veitir nemendum tækifæri til að uppgötva og vinna með sína músíkölsku hlið. Regelski vill meina að mikilvægt sé að börn fái að læra á hljóðfæri því það þroski þau mjög mikið og ýti undir allskyns þætti sem meðal annars efla sköpunarkraftinn og gefi þeim líka aukið sjálfstraust og færni (Regelski, 2004).

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að söngur og tónlistariðkun hefur jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan fólks. Clift og Hancox (2001) unnu rannsókn þar sem þeir leituðu m.a. svara við því hvort félagslegur ávinningur væri af því að syngja í kór og leiddi sú rannsókn í ljós að 87% þátttakenda í könnuninni sagðist upplifa félagslegan ávinning af því (Clift og Hancox, 2001). Ekki er að finna í fljótu bragði sambærilegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi, en benda má þó á niðurstöður úr rannsókn Veronicu Österhammer (2009) í BA ritgerð hennar frá Listaháskóla Íslands sem ber heitið „*Söngurinn göfgar og glæðir, guðlegan neista í sál*“: um íslenskan kórsöng, kirkjukórssöng og samfélagsleg áhrif. Þar rannsakaði hún m.a. hvað væri það helsta sem kórfólk teldi sig fá út úr því að syngja í kór. Helstu niðurstöðurnar eru að fólk fær m.a.

uppfyllta félagsþörf og kemur reyndar einnig fram að 87% kórmeðlima sem talað var við var einnig félagslega virkur annarsstaðar (Veronica Österhammer, 2009). Eins og áður hefur komið fram er eitt markmiðið með Hljómleik að efla sönginn og því meira sem hægt er að styðja við sönginn, til dæmis með undirleik, því meiri má vonast til að söngurinn verði.

### **3.2. Fyrirmyndir í kennslu þurfa ekki alltaf að vera sérfræðingar!**

Í formála bókar Alisons Daubney (2017), *Teaching Primary Music*, skrifar grunnskólakennarinn Jackie Schneider um að oft sé gengið út frá því að börn hafi enga tónlistarreynslu utan kennslustofunnar. Þá gleymist að taka tillit til þess að við lifum í hljómríkum heimi og að tónlistin hljómar nánast allsstaðar í kringum okkur í daglega lífinu (Daubney, 2017). Bók Daubneys er ætlað að höfða til þess kennara sem ekki er sérmenntaður tónlistarkennari og lítur ekki á sig sem tónlistarmann. Í huga Daubneys er alltaf óuppfyllt svigrúm fyrir sérmenntaðan tónlistarkennara, en stundum er réttlætanlegt að spyrja sig hvort fræðin þvælist fyrir. Daubney bendir jafnframt á að mikilvægt sé að kennarar séu tilbúnir til að vinna með og kanna hljóðheiminn með börnunum án þess að hafa sérmenntun til þess. Það að nota kenninguna um persónulega þróun tónlistarnáms barnanna ætti að vera miklu meira spennandi en að geta hakað í ákveðið box í kennsluyfirferð. Segja má að þessi orð séu í heilmikilli samhljóman við hugmyndir Deweys um það að nýta reynslu til kennslu, en ekki horfa eingöngu á fræðin sem slík án þess að taka tillit til reynslunnar (Dewey, 2000b):

Meiri reynsluþroski eða lífsreynsla sem sá fullorðni ætti að hafa til að bera sem uppalandi eða kennari gerir hann færari um að leggja það mat á hverja athöfn barns og unglings sem hinn þroskaminni er ófær um. Það er því hlutverk uppalandans eða kennarans að sjá í hvaða átt reynslan stefnir. Það skiptir engu máli að hann sé þroskaðri ef hann kastar á glæ meiri skilningi sínum í stað þess að nota hann til að hjálpa til við að skapa þeim óþroskuðu reynsluskilyrði. (Dewey, 2000b, bls. 48)

Samkvæmt Daubney þurfa börnin ekki aðeins að hafa fyrirmyndir í tónlistarkennslu sem eru sérmenntaðir tónlistarkennarar heldur þurfi þau líka að hafa fyrirmyndir sem ekki eru sérmenntaðir í tónlist og vill hún þannig meina að þau þarfnist þess að grunnskólakennarar þeirra geti náð að taka betur þátt í að leiða og læra fög með þeim (Daubney, 2017). Það er mjög erfitt að sannfæra börn um að syngja meira ef þau sjá ekki sínar fyrirmyndir gera það sem þau eru beðin um og sömuleiðis getur verið erfitt að útskýra fyrir þeim hvað þau eigi að gera, t.d. með rödd sinni, án þess að kennarinn sýni það sjálfur. Æskilegt væri því að kennarar reyndu að bæta sjálfstraust sitt, t.d. með því að læra að þekkja rödd sína og

viðurkenna að það að syngja er jafn sjálfsagður og náttúrulegur hlutur fyrir allan aldur eins og að lifa og draga andann. Það mikilvægasta við að syngja í grunnskólum er í raun bara að gera það (Daubney, 2017, bls. 38-39).

Alison Daubney bendir á að margir kennarar geti fundið til ööryggis þegar kemur að því að kenna tónlist, þar sem sú hugsun sé gjarnan ríkjandi að við séum ekki tónlistarfólk ef við getum ekki lesið nótur eða að sá kennari sem ekki kunni á píanó geti ekki verið tónlistarkennari í skólum. Hún telur að þeir ættu þó virkilega að gera tilraun til að kenna á sínum forsendum frekar en að láta skilgreinda „tónlistarmenningararfinn“ vinna á móti því að þeir þori að takast á við tónlistarkennslu (Daubney, 2017, bls. 25).

Hljómleikur er einfalt kennsluefni sem ganga má út frá að kennarar séu fljótir að setja sig inn í þótt þeir hafi engan tónlistarlegan bakgrunn. Öll lög in í bókinni eru lög sem allir íslenskir kennarar ættu að þekkja mjög vel og þar af leiðandi er hægt að ganga út frá því að þeir geti sungið þau. Læra þarf undirleikshljóma sem gefnir eru í bókinni, en þar er bæði í boði að læra grunn á ukulele og hljómborð.

Í ljósi þess hversu aðgengilegt hljóðfæri ukulele er hvað stærð og einfaldleika snertir getur hinn almenni kennari auðveldlega kynnt sér virkni þess. Hann getur síðan hvatt börn til söngs með sér í tímum og í framhaldinu kennt þeim að nota hljóðfærið upp á eigin spýtur. Þetta á sérstaklega við um skóla þar sem tónmenntakennsla er af skorum skammti eða jafnvel ekki í boði. Svo er hægt að bæta hljómborði og trommum við þar sem þau hljóðfæri eru til staðar. Kennsluefnið býður hins vegar einnig upp á marga möguleika til nýtingar á flóknari hátt en lýst er hér að ofan og fer það eftir áhuga og þekkingu hvers tónmenntakennara og nemenda hans. Efninu fylgja ekki kennsluleiðbeiningar þar sem hugmyndin er að hver kennari geti nálgast það á sinn skapandi hátt. Í þessu samhengi má nefna að Dewey talar um mikilvægi forvitninnar og samkvæmt honum eiga margir fullorðnir það til að „gleyma forvitninni“ og hjakka bara í sömu hljólförum reynslunnar og vanans. Þannig verði þeir gjarnan ómóttækilegir fyrir nýjum staðreyndum og viðfangsefnum. Hjá börnum er hins vegar öll veröldin ný, þau eru tilbúin að takast á við nýja hluti og kanna heiminn (Hugsun og menntun, 2000a, 77-79).

Að sérmenntuðum tónlistarkennurum ólöstuðum, þeir mættu vera fleiri í skólastofum grunnskólanna, þá er ljóst að margt ómenntað tónlistarfólk er líka frábært í leiðandi undirleik við samsöng (partýspilarar). Þetta er oftast fólk sem er sjálfmenntað út frá áhuga sínum á tónlist og eigin virkni. Það er hægt að kenna einfaldan undirleik við söng án þess að fólk hafi undirstöðumenntun frá tónlistarskóla þannig að það verði mun fljóttara að byggja ofan á grunninn sjálft eða með hjálp tónlistarskólanna þegar áfram er haldið. Það

mikilvægasta hlýtur að vera að við byggjum brýr með börnum á milli þeirra eigin hljóðheims og reynslu og tengjum í framhaldinu við þá tónlistarmenningu sem þau hafa ekki kynnst ennþá (Daubney, 2017).

Í framhaldi af ofansögðu mætti spyrja þeirrar spurningar hvort sérhæfð tónlistarkennsla okkar sem byggist á sögulegum, samfélagslegum og menningarlegum rötum hins vestræna heims, þar sem t.d. notuð eru hugtök eins og „hin miklu tónskáld” og „tónlistararfur”, valdi því að kennari sem ekki hefur hlotið sérmenntun sem tónlistarmaður finnst hann ekki hæfur til þess að vinna að einhverju leyti með tónlistarkennslu í grunnskólum. Er kannski möguleiki á því að það hve djúpt margir telja að við höfum kafað ofan í skilgreiningar og „tilbeiðslu“ á vestrænum menningararfi hafi þann fælingarmátt fyrir kennara að þeir þori síður að stíga það skref að nota sjálfir tónlist meira í kennslu? Alison Daubney veltir þessum þáttum mikið fyrir sér og talar meira að segja um að uppi séu hugmyndir um að myndast hafi ákveðinn vestrænn „tónlistaraðall” sem virðist telja sig og sínar upplifanir á tónlistarmenningu öðrum æðri. Hér má sjá brot úr hennar hugleiðingum í þessa veru:

Tónlist er skoðuð í samræmi við sögulegar, félagslegar og menningarlegar rætur. Orðasamböndin „hin miklu tónskáld” og „besti tónlistararfurinn” eru almennt opinberlega notuð í umfjöllun tengt námsefninu (DfE, 2013) og gætu litið út sem „samþykktur staðall” sem talar með vestrænum klassískum hefðum, sem gjarnan setur ákveðna tónlistarhefð og flytjendur á hærri stall og getur verið ástæða þess að sumum kennurum finnst þeir illa færir til tónlistarkennslu<sup>1</sup> (þýð. höfundar). (Daubney, 2017, bls. 9)

Í þessu samhengi bendir Helga Rut (2013) á að hugmyndir fyrri tíma hafi gjarnan verið á þann veg að tónlist væri fagurfræðileg menntun. Slíkar hugmyndir hafi þótt hafa óvenjumikla slagsíðu í átt að svokallaðri vestrænni sígildri tónlist. Aðrar tónlistarstefnur áttu einfaldlega ekki upp á pallborðið og sömuleiðis var lítið gert úr því að vera sjálfur þátttakandi í tónlistarflutningi. Meira var lagt upp úr að nemendur lærðu að þekkja t.d. tónskáld, stíltegundir og tónverk og að geta greint hljóm mismunandi hljóðfæra heldur en að vera þátttakendur sjálfir (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013).

Stundum virðist vera tilefni til að spyrja sig þess hvort tónlistarmenntun fari ekki alveg saman með menningu og samfélagsgerð hverju sinni. Í dag geta börn nánast skilyrðislaust náð sér í ókeypis tónlist á netinu og sækja þá oftast beint í vinsældarlista og

---

<sup>1</sup>Music is contextualized by its historical, social and cultural roots. The phrases ‘the great composers’ and ‘the best in the musical canon’ both present in the National Curriculum (DfE, 2013) might be perceived as an nod towards Western Classical traditions, perpetuating the nonsensical idea of a ‘musical hierarchy’ and another reason some teachers feel ill-equipped to teach music.

hafa sömuleiðis aðgengi að ógrynni heimasíðna með tilbúnum textum ásamt bókstafshljómum. Þetta er allt annar veruleiki en var bara fyrir 15 árum síðan. Barn sem hefur grunnþekkingu á því hvernig það vinnur með bókstafshljóma hefur því forskot til að leika sjálft ýmsa vinsæla tónlist, til að skapa sína eigin tónlist og til þess að þróa færni sína áfram sjálft. Barnið þarf hins vegar í flestum tilfellum leiðsögn um hvernig það tekur fyrstu skrefin í því hvernig það getur unnið með undirleikshljóma við söng á einföld hljómræn hljóðfæri.

Mörgum kennurum finnst þeir ekki ná að virkja sköpunarkraft sinn í kennslu þar sem pólitískur og þjóðfélagslegur þrýstingur er í aðrar áttir. Foreldrar hafa áhyggjur af gæði menntunar barna sinna og vilja að menntun þeirra skili þeim vinnu sem veitir þeim fjárhagslegt sjálfstæði í framtíðinni. Í framhaldi af því mætti spyrja hvar vægi lista almennt liggur í almenna skólakerfinu. Þá getur verið vert að skoða bæði viðhorf foreldra til lista almennt sem og viðhorf kennara og skólayfirvalda. Þessar hugsanir sem oftast eru fastmótaðar loka að vissu leyti á það að vinna með sköpunarkraftinn í nemendunum og sjónum er því ekki beint að þeim þætti í náminu (Robinson, 2011). Í rannsókn Kristínar Valsdóttur (2006) kom fram að stuðningur var almennur innan skóla viðmælenda hennar en kennarar töldu sig hins vegar verða vara við neikvæð viðhorf og skilningsleysi samfélagsins, jafnvel úr nánasta umhverfi (Kristín Valsdóttir, 2009).

Viðhorf virðast samt sem betur fer vera að breytast og við virðumst vera að verða meðvitaðri um það hversu mörg störf tengjast vinnu með tónlist. Tónlist er ekki bara eitthvert tómsundagaman, heldur eru þau störf sem tengjast tónlist í dag lifibrauð fjölmargra. Hér áður fyrr var mjög algengt að óska eftir því að fá tónlistarfólk til starfa án þess að hafa áætlað að greiða fyrir vinnu þess. Ríkjandi hugsun var oft á þann veg að tónlistarfólkið kæmi bara á staðinn „af því að það væri svo gaman að spila“. Þetta er sem betur fer að mestu leyti breytt í dag. Tónlist skapar þjóðarbúinu gjaldeyrisforða og allskyns hliðarstörf tengjast á umsvifamikinn hátt störfum sem tengjast tónlistarflutningi. Fyrir utan það að margir lifa af því að vera tónlistarflytjendur eru afleidd störf tónlistar gríðarlega mörg og orðinn stór og viðurkenndur þáttur í gjaldeyrisköpun þjóðarinnar. Þetta má meðal annars sjá í bók Ágústs Einarssonar (2012), *Hagræn áhrif tónlistar*, en þar rekur hann meðal annars þróun hagrænna áhrifa tónlistariðnaðarins sem sýnir svart á hvítu að gjaldeyristekjur Íslendinga hafa aukist ár frá ári af tónlistariðnaði (Ágúst Einarsson, 2012).



### 3.3. Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru ólíkar í eðli sínu og byggjast á ólíkum forsendum og markmiðum, og eiga rætur að rekja til ákveðinna kenninga í námssálarfræði, námskráfræðum eða menntaheimspeki. Það er álitamál hvernig annarsvegar skuli lýsa kennsluaðferðum og hins vegar hvernig skuli flokka þær niður. Í bók sinni, *Litróf kennsluaðferðanna*, skilgreinir Ingvar Sigurgeirsson (1999) kennsluaðferð sem „það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt“ (bls.9).

Ingvar rannsakaði á tíunda áratugnum kennsluhætti í 10-12 ára deildum grunnskóla á Íslandi, sem fyrir segir, og rakst á margar aðferðir sem ekki var að finna í handbókum og er merkilegt að sumar þeirra voru jafnvel þær algengustu sem beitt var í kennslu. Sem dæmi voru þessar „óránsökuðu“ aðferðir notaðar í nærri 60% kennslustunda sem Ingvar fylgdist með í bóknámsgreinum, tónmennt og heimilisfræðum (Ingvar Sigurgeirsson, 1999)

Kennsluaðferðir og kennsluhættir hafa verið flokkaðar á marga vegu í gegnum tíðina. Mjög algengt hefur verið að flokka þær í „beinar“ og „óbeinar“ aðferðir (e. direct and indirect instruction). Kennslufræðingurinn Paul S. Kaplan byggir skilgreiningu á beinni kennslu á skýrum markmiðum, verkefnum sem sett eru fram í vel skipulagðri röð, góðum útskýringum og dæmum, spurningum og hæfilegri þjálfun. Hann flokkar óbeina kennslu, ýmsar leitar aðferðir og uppgötvunarnám sem byggjast á spurningum, athugunum og heimildaöflun þar sem nemendur eiga að uppgötva það sem þeim er ætlað að læra (Ingvar Sigurgeirsson, 1999). Svipaðri flokkun lýsa kennslufræðingarnir Muska Mosston og Sara Ashworth (Ingvar Sigurgeirsson, 1999). Annarsvegar telja aðferðir það sem kennarinn stýrir í einu og öllu og hins vegar eru sjálfsnámsaðferðir, eða það sem nemandinn lærir upp á eigin spýtur og ræður sjálfur eðli og umfangi námsins (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 38). Mosston og Ashworth (1989) settu fram alls ellefu aðalkennsluaðferðir en lögðu áherslu á að kennarar myndu nota allar þessar aðferðir í kennslu.

Ingvar Sigurgeirsson (1999) flokkar kennsluaðferðir niður í níu flokka í bók sinni:

1. Útlíunarkennsla
2. Þulunám og þjálfunaræfingar
3. Verklegar æfingar
4. Umræðu- og spurnaraðferðir
5. Innlifunaraðferðir og tjáning

6. Þrautalausnir
7. Leitaraðferðir
8. Hópavinnubrögð
9. Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni.

Verklegar æfingar þjálfar helst upp söngródd og færni og leikni nemenda á hljóðfærin. Þessar æfingar eru meginuppistaða í kennslu margra list- og verkgreina. Hlutverk nemandans er helst að fylgjast vel með og leggja sig fram við að framkvæma og æfa þau atriði sem verið er að þjálfar.

Kennsluáðferðir sem flokkast í sjálfstæð og skapandi viðfangsefni eiga líka hér vel við. Þær áðferðir gera mestar kröfur á að nemandinn vinni einn eða í hóp að verkefnum sem verið er að móta og þróa. Hugmyndin með Hljómleik er að hver og einn sinni sínum verklegu æfingum til að öðlast færni en síðan skapa nemendur saman, syngja, mynda hljómsveit eða vinna stærra þverfaglegt verkefni. Í bók sinni, *Skapandi ferli, leiðarvísir*, talar Eyrún Sigurðardóttir (2016) á áhugaverðan hátt um gagnsemi samvinnu til eflingar í skapandi ferli.

Í samvinnuverkefnum er gott að vinna út frá skýru verkefni og tímaramma. Fólk kemst oftast hratt í gang í samvinnunni og tekur hlutunum ekki eins hátíðlega eins og þegar það vinnur eitt. Það getur verið fínt að hafa stuttan tíma til þess að framkvæma samvinnuverkefni til þess að æfast í að vinna hratt, ofhuga ekki, heldur treysta því sem kemur. Maður lærir líka af hinum, þarf að hlusta, deila hugmyndum og spinna saman þráð sem allir eiga eitthvað í og enginn einn hefði gert án samvinnu við hina í hópnum. (Eyrún Sigurðardóttir, 2016, bls. 47)

Hér má mjög glögglega sjá einn ávinning hópinnu. Nemendur þurfa að læra að treysta og að halda áfram þrátt fyrir að þeim finnst þeir kannski ekki alveg hafa allt á hreinu. Slíkt er út af fyrir sig lærdómur.

Það er ljóst að tónlistina sem mikilvægan menningararf og eflandi sköpunarþátt, mætti nýta svo mun meira og markvissar í kennslu heldur en er gert í dag. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir um listgreinina tónmennt:

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómunum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 150).

Út frá þessum þáttum Aðalnámskrár er einnig bent á mikilvægi þess að tónlistin sé tengd við allt skólastarf og þá er verið að tala um flétta henni inn í allar námsgreinar en ekki bara tónmenntina sjálfa. Eðli tónlistarinnar er margþætt og fjölbreytt og tengist menningu og lífi

fólks um víða veröld á mismunandi hátt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Með því að tengja tónlist og tónlistarkennslu inn í mismunandi námsgreinar geta nemendur því bæði kynnst fjölbreyttri tónlist og auk þess fengið innsýn inn í mismunandi menningarheima og líf og störf fólks víða um veröld með annarri nálgun en áður.

Í bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014) er kennsluháttum í list- og verkgreinum lýst annars vegar sem einstaklings- eða paravinnu nemenda. Algengt var að kennarinn væri með innlöggn í upphafi kennslustundar og leiðbeindi og aðstoðaði síðan nemendur sem einstaklinga í myndmennt, textílmennt, smíði og heimilisfræði með einhverjum hætti. Hins vegar var meira um að kennari aðstoðaði nemendur sem hóp í íþróttum, leiklist og tónmennt. Þar stýrði hann frekar hópnum í heild eða smærri hópum í hreyfingu, tjáningu og tónlist (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014).

Lev Vygotsky vildi meina að samfélagið væri mjög mikilvægur þáttur í þroskaferli barnsins, hvort sem það voru foreldrar, kennarar eða menningarheimurinn í kring um þau. Mikilvægt væri að vinna sameiginlega að verkefnum í skólastofunni undir leiðsögn kennara (Vygotsky, 1978). Með því að hugsa um starf tónlistarkennslufræðinga hafa Vygotsky og aðrir fræðimenn sem vinna út frá hugmyndum hans hjálpað til við að auðga hugsun um hópvinnu eða samleik í tónlist og skapandi þáttum í hópnum. Það að vinna saman í hóp taldi Vygotsky vera grundvöll þróunar siðferðislegs mats þar sem t.d. þurfti að taka tillit til annarra með reglum í leikjum og þar af leiðandi væri ekki til neitt sem heitir leikur án reglna (Huhtinen-Hilden og Pitt, 2018).

### 3.3. Kennslufræðilegar áherslur

Í þessum kafla verður komið inn á þær kennslufræðilegu áherslur sem liggja helst að baki Hljómleik.

Börn hafa hljóðfærin við hönd og „læra með því að gera“ (e. learning by doing). Dewey gengur út frá því að það séu óhjákvæmileg tengsl milli menntunar og persónulegrar reynslu (Dewey, 2000b). Hann spyr þess meðal annars hve margir komi ekki til með að setja námsferli í samband við óyndi og leiðindi og hve mörgum hefur ekki þótt það sem þeir höfðu lært svo fjarlægst aðstæðum í lífi sínu utan skólans að það veitti þeim enga hæfni til að stjórna þeim. Með þessarar hugsanir að baki má segja að það að vinna með lög sem börn þekkja og kunna að syngja eflir þau í söngnum og geri það að verkum að það verði ekki allt of flókið fyrir þau að bæta hljóðfæraleik við sem undirleik við lögin. Lögin eru ekki fjarlæg börnum því þau ættu að þekkja þau öll. Dewey (2000b) lagði áherslu á

mikilvægi þess að nálgast nemendur út frá þeirra eigin reynslu og byggja síðan ofan á hana. Börnin þekkja lögin líka með undirleik, svo segja má að það að syngja flest lögin með undirleik sé í raun nær þeirra eigin reynslu en að syngja þau án undirleiks.

Að mati höfundar Hljómleiks er mikilvægt að þroska tónlistarvitund barnanna með því að dýpka upplifun þeirra á tónlistinni og gefa þeim tækifæri á að víkka út getu sína við söng og hljóðfæraleik. Dewey sagði að menntun sem þroski ætti að vera ævarandi ferli og mikilvægt væri að skapa skilyrði fyrir þá tegund reynslu í nútíðinni sem hefur ákjósanleg áhrif í framtíðinni og langmikilvægasta viðhorfið sem getur myndast er löngunin til að halda áfram að læra. Hann lagði líka áherslu á svokallaða „samfélagshverfa menntun“ (e. community-centered education) sem þýddi að skólinn ætti að vera lifandi samfélag – samfélag í smækkaðri mynd – þar sem barnið væri virkur þátttakandi. Barnið er að sjálfsögðu aðalatriðið í skólaskólastarfinu, en ekki sem einangraður einstaklingur heldur sem hluti af félagshóp (Dewey, 2000b). Mjög líklegt er að Hljómleikur skapi einmitt þetta viðhorf hjá börnum, sem Dewey talar um og Regelski leggur sömuleiðis áherslu á (Regelski, 2004), það er löngunin til að læra meira.

Með Hljómleik er hægt að efla skilning á grunnuppbyggingu einfalds hljómagangs við söng. Í kjölfarið opnast nýr heimur sem felst í að nýta alnetið sem er fullt af textum með uppgefnum hljómunum við uppáhalds lög fólks hverju sinni. Það er svo hvetjandi að ráða þannig við hljóðfæri að hafa vald á því að leika undir söng. Þar sem söngur og tónlist eru ríkjandi í okkar menningu og margir hlusta mikið á tónlist, þá má líkum að því leiða að þegar barnið uppgötvar að það ræður með áframhaldandi æfingu við mjög mörg lög vinsældalistanna að það eflist við að finna hversu auðvelt það er að halda áfram að vinna sjálft og nú á eigin tónlistarlegu áhugasviði.

Vygotsky talaði um mikilvægi samfélagsins á svipaðan hátt og Dewey, og þá með tilliti til þess hversu miklu máli það skipti að þroskast/læra innan samfélagsins. Börn læra með því að upplifa í gegnum ýmsa menningarlega þætti það sem fullorðnir eru að fást við. Hugmyndir Vygotskys samræmast því til dæmis hugmyndinni um að vinna saman að tónlist sem hópur. Hlutverk kennarans ætti að vera að styðja við námið og nemendur ættu svo að tengja nýja reynslu við fyrri reynslu (Huhtinen-Hildén og Jessica, 2018).

Móðurmálsaðferðin svokallaða er kennd við hljóðfærakennarann Shinichi Suzuki (1898-1998). Þessi aðferð gengur út á það að börnin læri tónlist á svipaðan hátt og þau læra að tala eða með því að hlusta á það sem talað er í kring um þau og herma síðan eftir því. Námsefni Suzukis hefur verið gefið út fyrir fjölmörg hljóðfæri, auk söngs, og er í formi bóka sem geisladiskur fylgir. Í stuttu máli sagt er tónlistin spiluoð fyrir börnin af

geisladisknum til þess að þau læri lögin og þannig vill Suzuki meina að mun auðveldara verði fyrir þau að læra að leika lögin á hljóðfærið sitt, en börnin læra að gera það eftir eyranu en ekki eftir nótum. Bein samlíking við móðurmálsaðferðina er að börn læra að tala áður en þau læra að lesa (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 87-89). Á heimasíðu Suzukisambandsins segir:

Suzukiaðferðin byggir á þeirri grunnhugmynd að öll börn geti lært tónlist, rétt eins og þau geta öll lært móðurmál sitt. Það sem til þarf er tónlist í umhverfinu, góður kennari og virk þátttaka og uppörvun foreldra.

Lesna má út úr þessum orðum um Suzukiaðferðina að tónlistariðkun sé öllum í blóð borin. Áreitið þarf bara að vera til staðar í umhverfinu og samfélagið á einhvern hátt leiðbeinandi.

Tengja mætti hugmyndir Suzukis um móðurmálsaðferðina (börnin lærðu að leika á hljóðfæri áður en þau færu að lesa nótur) við þá hugmyndafræði er liggur að baki Hljómleik. Til samlíkingar þá ættu börn að hafa náð þokkalega góðum skilningi eða tökum á töluðu máli áður en þeim yrði kennt að lesa bækur, en að sama skapi er stuðst við lög í Hljómleik sem nánast allir ættu að kunna og vitað er að eru sungin mikið fyrir og með börnum. Lögin voru upphaflega valin út frá tilfinningu höfundar, en lokaverkefni þeirra Ásdísar Bjargar Gestsdóttur og Erlu Jónatansdóttur til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræðum, „Samsöngur í íslensku skólastarfi - Sönglögin sem Íslendingar eiga að kunna að mati tónmenntakennara“, styður hins vegar fyllilega við sýn höfundar við val á lögum í bókina. Þær tóku viðtöl við mjög marga tónmenntakennara auk þess að vinna út frá rannsókn þar sem Þórunn Björnsdóttir, tónmenntakennari og kórstjóri, skoðaði hvaða sönglög Íslendingar ættu samkvæmt almenningsáliti að kunna (Ásdís Björg Gestsdóttir og Erla Jónatansdóttir, 2006).

Kennslubækur Suzukis voru þó byggðar upp lagrænt en Hljómleikur inniheldur mun einfaldara kennsluefni og gengur út á að kenna einfaldan hljómaundirleik við sönginn. Ekki er gerð krafa um að börn læri nótur eftir að hafa lært lögin.

### **3.4. Samantekt**

Ljóst er af ofansögðu að námsefnisframboð í tónmennt hefur verið af skornum skammti í gegn um tíðina. Frá árinu 1974 og framundir lok síðustu aldar var lítil endurnýjun á kennsluefni fyrir greinina. Kennsluefnið *Tónmennt* var helsta kennsluefnið í tónmennt í um 40 ár. Eftir aldamót jókst sem betur fer námsefnisframboð í greininni, en svo virðist vera sem aðaláherslan hafi verið lögð á að útbúa námsefni fyrir grunnstig grunnskólans. Enda

kom það einnig fram í rannsóknum að tónmennt var mest kennd í fyrstu fjórum árgöngunum en frá og með 5. bekk var tónmenntakennslan mun sjaldnar í boði.

Rannsóknir hafa sýnt að tónmenntakennarar hafa mikið nýtt sitt eigið efni til kennslu, sem þeir hafa sjálfir útbúið, og er freistandi álykta út frá því að það kennsluefni sem hefur verið á markaðnum hafi ekki uppfyllt þarfir þeirra fyrir kennsluefni. Söngur hefur verið og er ríkjandi í menningu Íslendinga en margt gefur til kynna að breyting geti orðið þar á í framtíðinni þar sem svo virðist sem samsöngur barna sé að einhverju leyti á undanhaldi. Þetta má helst lesa út úr því að fækkun er á barnakórum og tónmenntakennurum í skólum fækkar einnig.

Líta má á Hljómleik sem mótaleik við ofangreindum vandkvæðum eða svar við vöntun á kennsluefni fyrir miðstig en Hljómleikur er einnig hugsaður sem söngeflandi námsefni. Útgangspunktur með efninu er að börn vinni með lög sem þau þekkja og kunna. Það efli þau í söngnum og geri að verkum að það verður ekki allt of flókið fyrir þau að bæta hljóðfæraleik við sem undirleik við lögin.

## 4. Þróun og prófun námsefnis

Í þessum kafla verður greint frá aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar og forvinnu sem fór fram við móttöku Hljómleiks á grunnstigi og hvernig rannsóknir og aðferðir voru nýttar til eftirfylgni við verkefnið. Fjallað verður um ferlið, val á þátttakendum, hvernig gagna var aflað og hvaða aðferðir voru notaðar til að vinna úr upplýsingum.

### 4.1. Forkönnun: Er þörf fyrir Hljómleik?

Þegar lagt er í þá vegferð að gefa út bók er að mörgu að hyggja. Mikilvægt er að vanda til verka og vera vel undirbúinn, sérstaklega ef nokkur fjárútlát koma til eins og grafísk hönnun og prentkostnaður. Nauðsynlegt var því að kanna vel fyrirfram hvaða möguleika bókin gæti átt á markaðnum og við þá hugsun vöknudu spurningar sem leitast var við að svara. Fyrsta spurning var: Er þörf fyrir námsefnið Hljómleik? Til að leita svara við þeirri spurningu var farið í ákveðna forkönnun sem fólst aðallega í því að eiga samtöl við tónmenntakennara.

Tilfinningin var sú að þörfin fyrir kennsluefnið eins og það var að fæðast í huga höfundar árið 2018 væri til staðar og einnig að um ákveðna nýjung í kennsluefni yrði að ræða með tilkomu bókarinnar. Höfundur fannst mikilvægt að fá þá tilfinningu staðfesta þar sem það gæti mögulega breytt hugmyndum um bókina ef samanburður á sambærilegu efni væri til staðar. Eftir skoðun á útgefnu kennsluefni í tónmennt og hljóðfærakennslu, sem og fræðilegri umfjöllun um tónlist, fékkst ákveðin staðfesting fyrir því að það virtist vanta kennsluefni inn í tónlistarkennslu á Íslandi. Sérstaklega virtist vanta kennsluefni sem miðaði að því að kenna börnum grunnleiðir til að læra að leika einfaldan hljómagang á einföld hljóðfæri, ein eða saman í hóp, undir eigin söng og annarra. Mjög greiður aðgangur virðist vera að textum þar sem hljómagangur er settur við á netinu fyrir þá sem vilja leika hljómagang undir söng. Aftur á móti virðist ekki bera mikið á efni sem kennir börnum að nýta sér bókstafshljóma sem gefnir eru upp við þessa texta. Eitthvað er um slíkar erlendar síður en þær sem fundust við leit virtust fremur sniðnar að fullorðnum en börnum.

Í forkönnuninni var bæði stuðst við óformlegt spjall við ýmsa tónmenntakennara, fylgst var með umræðum á Facebook síðum tónmenntakennara ef umræðan beindist að námsefnismálum fyrir greinina og einnig var mótaður viðtalsrammi (sjá fylgiskjal 1) sem nýttur var til að taka hálfopið viðtal (Kvale, 1996) við tvo reynda tónmenntakennara haustið 2018. Báðir þessir tónmenntakennarar störfuðu við sama grunnskólann og voru saman inni í viðtalinu. Með því fékkst ákveðin sýn á stöðu námsefnisframboðs sem gæfi

einhverjar hugmyndir um hvort fyrirhugað kennsluefni myndi nýtast börnum á þann hátt sem vonast væri eftir.

#### **4.1.1. Viðtöl**

Hálfopin viðtöl flokkast undir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Þá er viðmælandinn beðinn um að ræða um ákveðið efni en er einnig beðinn um að svara ákveðnum spurningum (Kvale, 1996, bls. 124). Í hálfopna viðtalinu var notast við spurningalista sem myndaði einskonar viðtalsramma sem settur var saman með rannsóknarspurninguna í huga (Kvale, 1996). Samræðum var stýrt af spyrjanda, bæði út frá fyrirfram undirbúnum spurningum (sjá fylgiskjal 1) en einnig út frá svörum viðmælenda. Svörin buðu stundum upp á að önnur leið yrði farin en ráðgert hafði verið í upphafi og kölluðu líka stundum á frekari spurningar.

Viðtalið var tekið upp með hjálp smáforrits í síma og voru gæðin fullnægjandi fyrir frekari gagnaúrvinnslu. Einnig var spurt um líðan kennaranna í starfi og hvernig hópastærðir þeir væru að vinna með í tónmenntakennslu, hvort þeim fundist sá þáttur í starfi sínu vera ásættanlegur og hvort þeir teldu að það hefði áhrif á námsefnisval og kennsluhætti þeirra. Spurningarnar sem stuðst var við voru lagðar fram meðal annars með það í huga að kanna hvort kennarar hefðu það svigrúm sem höfundi Hljómleiks fannst þurfa að vera til staðar við notkun kennsluefnisins til að hámarka árangursríka vinnu með efnið. Einn þáttur væri þá til dæmis hvort kennari hefði svigrúm til að skipta bekkjum upp í minni hópa.

Hluti viðtalsins var afritaður á tölvu síðar sama dag og afgangurinn daginn eftir. Síðar var viðtalið marglesið til nánari greiningar. Kennararnir sögðu álit sitt á því kennsluefni sem var til staðar og hvað þeim fannst vanta inn í það kennsluefni sem væri í boði. Við greiningu gagnanna var stuðst við aðferð þemagreininga (e. thematic analysis) og niðurstöður flokkaðar í þemu (Maguire og Delahunt, 2017). Loks var lagt mat á niðurstöður og meginniðurstöður dregnar saman.

#### **4.1.2. Niðurstöður forkönnunar**

Aðstæður til tónmenntakennslu við skólann þar sem tónmenntakennararnir kenndu eru sennilega óvenjulega góðar miðað við aðra skóla. Jákvætt viðhorf og virðing fyrir tónmenntakennslunni var greinilega mjög mikil, enda hefur skólinn tileinkað sér að vera „syngjandi skóli“. Fram kemur í viðtölunum að tónmenntin fær mikinn velvilja og stuðning skólayfirvalda og virðast kennarar vera nokkuð ánægðir og sáttir þegar á þeirra



starf við skólann er lítið. Enda hafa rannsóknir sýnt fram á að ánægja tónmenntakennara fer m.a. eftir velvilja skólayfirvalda, svo ekki er annað hægt en að álykta að það hafi mikið að segja með tilliti til mjög líflegs tónlistarlífs við skólann (Kristín Valsdóttir, 2009).

Þar sem viðtölin gengu aðallega út á að fá spurningum svarað um hvort kennurunum fyndist vanta kennsluefni í tónmennt var spurt um og rætt hvort nægt námsefni væri til í tónmenntakennslu að mati viðmælanda. Svörin voru þannig að það virtist liggja viðmælendum mjög þungt á hjarta hversu lítið námsefni væri í rauninni til. Að mati þeirra var staðan varðandi kennsluefni í tónmennt mjög slæm. Þeim fannst einnig slæmt að búið væri að taka út efni sem reyndar var orðið mjög gamalt, búið að vera í rúm 40 ár í notkun, vegna þess að í raun hafi nánast ekkert nýtt komið í staðinn (þ.e. námsefnið Tónmennt). Í þessu tilviki liggur beint við að skoða greinargerð sem Herdís G. Oddsdóttir ritaði um námsefnið *Tónmennt* sem fyrst var gefið út árið 1974, sem fyrr segir, og hefur verið mest notaða kennsluefni í tónmennt á Íslandi hingað til og hægt var að nálgast hjá Námsgagnastofnun allt til ársins 2014:

Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun á vordögum 2013 hefur Tónmennt 1. hefti: Kennslubók verið gefin út á árunum 1981-2010 í 7 prentunum í 13.500 eintökum, og Vinnubók 1. hefti prentuð 18 sinnum á árunum 1981-2010 í 55.500 eintökum. Þar við bætast útgáfur/prentanir á árunum 1974-1981 í fjölmörgum eintökum. (Herdís G. Oddsdóttir, 2014, bls. 2)

Ekkert annað kennsluefni í neinni grein við grunnskólann, og hvað þá í fimm aldursflokkum, hefur verið jafn langlíf og kennsluefnið Tónmennt. Heil fjörutíu ár eru langur tími þegar um námsefni ræðir og hlýtur efnið því að hafa sett mark sitt á fjölmarga nemendur í gegn um tíðina (Herdís G. Oddsdóttir, 2014). Það ætti líka að vera ljóst út frá þessum staðreyndum og viðtölunum að áhersla á þróun og breytingar í tónmenntakennslu hafa sennilega ekki verið mjög miklar í fjörutíu ár.

Í viðtölunum kom líka fram að mikið framboð væri á mjög spennandi kennsluefni í tónmennt á Norðurlöndunum. Viðmælendur höfðu í gegnum námskeið og kynningar séð heilmikið af því. Þar virtust vera allskyns möguleikar í boði sem tengdust vinnu með gagnvirkt kennsluefni í gegnum tölvur. Auðveldur aðgangur er til dæmis að tilbúnum hlustunardæmum, PDF skjölum með verkefnum, kennsluleiðbeiningar voru líka í boði, og fleira spennandi gagnvirkt efni. Kennararnir héldu að verið væri að vinna að íslenski þýðingu á einhverju af þessu efni, en ekki er vitað nánar um framvindu á því starfi.

Spurningunni um hvort þörf væri fyrir Hljómleik var í stuttu máli svarað játandi. Það var alveg sama hvar bar niður í spurningum um kennsluefni í tónmenntakennslu í

viðtölunum, hvort sem talað var um þjóðlög, söngvakennslu, samspilsæfingar með hljóðfæri eða annað, stóra niðurstaða þessa viðtals var að það vantaði mjög kennslufni í tónmennt og það virtist vanta kennslufni í öllum þáttum sem tengjast tónmenntakennslu, sérstaklega fyrir miðstig og unglíngastig.

Samkvæmt heimildum er einnig til staðar mikil þörf fyrir allskonar kennslufni í tónmennt. Lítið hefur verið gefið út af kennslufni í tónmennt í gegnum tíðina á Íslandi. Einhver kippur varð þó í útgáfu efnis fyrir yngsta stig grunnskóla upp úr árinu 2003. Aðeins kennslufnið Tónmennt virðist hafa fest sig virkilega vel í sessi í íslensku skólakerfi. Í sumum skólum er það efni enn í notkun þrátt fyrir að hætt sé að gefa það út. Áherslur í skólastarfi og kennslu hafa mikið breyst á 45 árum og væri óskandi að Námsgagnastofnun og fleiri aðilar sem koma að vinnu við bætt námsefni myndu styðja við og gefa tónmenntakennurunum og fleirum gott tækifæri til að þróa nýtt kennslufni fyrir greinina.

#### **4.2. Að hverju skal gæta þegar kennslufni er útbúið?**

Þegar spurningunni um hvort þörf væri fyrir Hljómleik hafði verið svarað játandi var ákveðið að leggja í þá vegferð að útbúa bókina. Í kjölfarið komu þó upp fleiri ágangar spurningar sem nauðsynlegt þótti að fá svör við, eins og hvort hugmynd höfundar um uppsetningu á kennslufninu hentaði með börnum, hversu þungt efnið þyrfti að vera og fleira.

Það er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort nýtt eða breytt kennslufni eigi erindi inn í tónmenntakennslu í dag hafandi ekki starfað sem tónmenntakennari í nokkur ár, sem getur bæði verið jákvætt og neikvætt. Jákvætt þar sem færi gefst á að hugsa dálítið fyrir „utan boxið“ en neikvætt að því leyti að erfiðara er að átta sig á hvort áherslur hafi breyst í tónmenntakennslu á þessum tíma og ef svo er, þá á hvaða hátt. Höfundur fór aðallega úr tónmenntakennslu á sínum tíma vegna álags, til dæmis vegna vinnu með áreitivalda eins og skólahljóðfæri í fullskipuðum bekkjum. Vinnuálag virtist ekki heldur metið til launa, upplifunin var að vinnumat væri ekki sanngjarnt og vöntun var að mati höfundar á skemmtilegu og aðgengilegu kennslufni til tónmenntakennslu og fleira. Sama tilfinning kom fram eftir óformlegt spjall við tónmenntakennara að fleiri hafi verið eða virðist vera að gefast upp vegna svipaðrar líðanar. Fróðlegt er í þessu samhengi að skoða skýrslu Helgu Rutar Guðmundsdóttir frá 2008, en hún gefur til kynna að fleiri tónmenntakennarar hafi glímt við sömu líðan (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008, bls 71).

Í ritgerð sinni „Kennarinn og bókin hans með geisladiskinn, mynddiskinn og heimasíðuna í bandi. Samband námsefnisgerðar og kennslu“, sem unnin var af Ásgeiri H. Ingólfssyni, Elísabetu Auði Torp og Þresti Árnasyni sem lokaverkefni til kennsluréttinda (diplomanám árið 2007), bentu höfundar á að kennsluefni mætti svo oft vera miklu vandaðra. Stundum virðist efni bara verða til „af því að það vanti efni“. Niðustöðurnar bentu enn fremur til að það væri offramboð á „miðlungskennsluefni“ og útgangspunktur fyrir framleiðslu á góðu kennsluefni er að efnið sé unnið af kennurum sem hafa reynslu af að kenna á því stigi sem efnið er hannað fyrir og þekki þarfir nemenda. Þá virðast kennslufræðilegar forsendur oft ekki liggja fyrir þegar áfangar eru skipulagðir (Ásgeir H. Ingólfsson, Elísabet Auður Torp og Þröstur Árnason, 2007).

Markmiðið með vinnu að Hljómleik er að hafa að leiðarljósi að vandað sé til verka við uppsetningu námsefnisins, og þar sem spurningunni um hvort að þörf væri fyrir efnið var svarað játandi, var næsta skref að ljúka ákveðnu uppkasti að kennsluefninu og fá nokkra kennara til þess að prufukenna það áður en það yrði gefið út. Þar af leiðandi þótti nærtækast í framhaldinu að styðjast við starfendarannsókn.

### 4.3. Starfendarannsókn

Margir fræðimenn vöktu athygli á því undir lok seinustu aldar að hlusta þyrfti betur á raddir kennaranna sjálfra þegar kæmi að því að rýna í þá þætti sem snúa að málum sem tengjast kennslufræðilegum áherslum því þáttur þeirra í þróun kennarastarfsins væri mikilvægur. Þeir vildu meina að ef rannsakandinn væri alltaf utanaðkomandi gæti sjónarhorn hans ekki beinst nægjanlega mikið að reynslu, þekkingu eða skilningi kennarans sjálfs (Hafdís Guðjónsdóttir, 2011).

Hafþór Guðmundsson ritaði grein í Netlu árið 2008 þar sem hann sagði frá skólaþróunarverkefni í Menntaskólanum við Sund þar sem hópur kennara rannsakaði eigin starfshætti í þrjú ár með skólaþróun að markmiði. Í grein hans kom eftirfarandi fram:

Í stuttu máli má segja að starfendarannsókn sé rannsókn sem starfsmaður gerir á eigin starfi í því augamiði að skilja það betur og þróa til betri vegar. Grunnhugmyndin er að læra í starfi: taka til athugunar reynslu sem maður verður fyrir og þá með þeim ásetningi að átta sig betur á því sem maður er að gera og hvaða afleiðingar gerðir manns hafa. (Hafþór Guðmundsson, 2008)

Þeir kennarar sem nýta sér starfendarannsóknir skoða eigin starfshætti út frá ákveðnum afmörkuðum þáttum í starfinu, þeir prófa ákveðnar leiðir í kennslunni og rannsaka hvaða áhrif það hefur á nemendur. Starfendarannsóknnum hefur verið að fjölga frá aldamótum sem meðal annars má sjá af því að fleiri og fleiri meistaranemar byggja lokaverkefni sín á

starfendarannsóknnum. Lykilatriðið í starfendarannsókn er að skrá alltaf niður það sem gerist í hverri kennslustund og afla gagna um það sem verið er að gera (Hafþór Guðmundsson, 2008).

#### **4.3.1. Hljómleikur í starfendarannsókn**

Næsta skref var rannsaka hvernig Hljómleikur kæmi mögulega út sem kennsluefni og ákveðið var að nýta starfendarannsókn til þess. Haft var að markmiði að sjá hvort efnið næði til barna en ekki síður til að sjá hvaða hlutar næðu ekki þeirra til þess að geta metið og lagað það sem betur mætti fara. Vísir að Hljómleik var tilbúinn haustið 2018 og kenndi höfundur það í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði veturinn 2018-2019. Fjórar stúlkur í 5. bekk Víðistaðaskóla sem verið höfðu í barnakór kirkjunnar byrjuðu í hópnum.

Starfendarannsókn var gerð samhliða kennslunni þar sem markmiðið var að kanna viðtökur nemenda á efninu. Kennari hélt dagbók þar sem skrifaðir voru helstu punktar sem hafa þurfti í huga. Skrifað var niður hvað gekk vel í kennslunni og hverju þurfti að bregðast við og þá hvernig mætti bregðast við því. Loks var lagt mat á þessi skrif við endurvinnu á kennsluefninu sem fór fram að hluta samhliða kennslu en að mestu leyti eftir að henni lauk vorið 2019.

Í stuttu máli þá gekk kennslan mjög vel og stúlkurnar voru virkilega áhugasamar og duglegar. Það spurðist út að þarna væri eitthvað skemmtilegt í gangi og fleiri óskuðu eftir að koma í hópinn sem endaði í níu stúlkum. Það helsta sem ákveðið var við áframhaldandi vinnu á nýju efni eftir þessi dagbókarskrif var að kenna það aftur sem tilraunaverkefni næsta vetur og skrá markvissar niður hvað gerðist í tímum eða eftir hverja einustu kennslustund. Höfundur kenndi því efnið aftur endurbætt og breytt veturinn 2019-2020.

Þar sem í grunnuppkasti Hljómleiks voru aðallega barnasálmar og kirkjutónlistar-tengt efni var ákveðið við áframhaldandi vinnu efnisins að breyta um lög í bókinni þannig að þau höfðuðu til allra barna en hefðu ekki skírskotun í nein trúarbrögð. Uppbygging bókarinnar var hins vegar sú sama hvað erfiðleikastig laga og hljómfræðilega uppbyggingu varðar en það var gengið út frá því að kenna sem einfaldastar hljómgerðir fyrst og byggja smám saman ofan á.

#### **4.3.2. Kennsla við mismunandi aðstæður**

Haustið 2019 var komin nokkuð góð mynd á uppkast Hljómleiks. Mikilvægt þótti að fá álit fleiri kennara á kennsluefninu og var því ákveðið að auglýsa eftir utanaðkomandi kennara á Facebook síðu tónmenntakennara. Óskað var eftir kennara sem hefði áhuga á að kenna

efnið og væri einnig tilbúinn til að rita örlitla dagbók samhliða sem höfundur gæti unnið með. Áhuginn var meiri en búist var við og fimm kennarar höfðu samband og endaði með því að fjórir þeirra fengu PDF skjöl send í tölvupósti með uppkasti að Hljómleik. Allir þessir kennarar höfðu lítið eða ekkert notað ukulele áður í kennslu og fannst spennandi að takast á við að feta nýjar leiðir í tónmenntakennslunni. Hóparnir sem kennararnir voru með voru allt frá því að vera 7-8 börn í hóp í forskólum tónlistarskóla, upp í að vera hálfir bekkir í grunnskóla, eða um 15 börn. Aldursdreifing barnanna var frá 3. upp í 7. bekk. Skólarnir voru á höfuðborgarsvæðinu og í um 50-100 km radíus út frá því.

Einnig var leitað eftir álitum á kennsluefninu hjá tónmenntakennara sem hafði verið að nýta sér ukulele í kennslu og verið að nýta hljómborðshljóðfæri og sett saman hljómsveitir nemenda í kennslustundum. Honum leist vel á uppkast og uppbyggingu efnisins. Hann kom með þá tillögu að hafa einnig gítarhljóma við lögin. Eftir miklar vangaveltur var það mat höfundar að efnið yrði mögulega ruglingslegt og blaðsíður ofhlaðnar með því að bæta gítarhljómunum við. Þess í stað var ákveðið að hafa einfaldaða útgáfu gítarhljóma á sérblaðsíðu aftast í bókinni. Þar yrðu einungis uppsettir þeir hljómar sem koma fyrir í bókinni sjálfri. Þannig væri hægt að koma til móts við þá aðila sem mögulega vildu nýta gítarinn samhliða ukulele og hljómborði sem er frábært því hann er mjög víða til í tónmenntastofum og á mörgum heimilum einnig.

Eftir að kennarar höfðu samþykkt að kenna Hljómleik var haft samband við hvern og einn í gegnum síma og farið í gegnum hvernig höfundur óskaði eftir að ferlinu væri háttáð. Óskað var eftir að kennarar héldu dagbók eftir hvern tíma en þó var tekið fram að ekki væri ætlast til að meira yrði skrifað í hvert skipti en 2-4 setningar. Höfundur myndi svo hringja reglulega í kennara til að heyra hvernig gengi. Kennarar byrjuðu að kenna efnið frá októberbyrjun (ekki allir á sama tíma).

Helstu niðurstöður tilraunaverkefnisins eftir fyrstu 10 vikurnar, eða fram að jólum, voru þær að hjá öllum kennurunum var efnið ekki kennt nógu markvisst þar sem kennsluáætlun þeirra allra var mótuð eftir öðrum verkefnum þegar þetta verkefni kom til. Kennsluefnið þótti þó mjög spennandi og gekk vel í flestum tilfellum, en þó síst með börnum í 3. og 4. bekk. Það kom reyndar ekki á óvart þar sem kennsluefnið var aðallega hugsað fyrir miðstigsnemendur og yfir á unglingsstigi. Það sem börnunum þótti helst erfitt var að ná G-dúr hljóm á ukuleleið. Að mati höfundar var nauðsynlegt að leggja G-dúr hljóminn frekar snemma inn vegna tónfræðilegrar uppbyggingar laganna. Kennurum fannst því flestum byrjunin á bókinni dálítið „brött“. Höfundur brást við með því að bæta inn í byrjunina, bæði fleiri léttari lögum og með því að byrja að vinna með C- og F-dúr áður en

G-dúr var tekinn inn. Áður hafði einungis verið unnið með C-dúrinum áður en G-dúr var kenndur.

Ekki virtist virka nógu vel að hringja í kennara, þannig að óskað var eftir stuttri skriflegri greinargerð í staðinn sem myndi vera kallað eftir reglulega. Það hefðu mátt vera betri viðbrögð við því, en tafir voru á að svör bærust. Gera má ráð fyrir að ástæða seinni viðbragða hafi bæði verið vegna þess að kennarar höfðu verið búnir að móta sér annars konar uppbyggingu kennsluáætlunar þegar þetta verkefni kom til og einnig vegna þess að komið var fram í seinni hluta nóvember og kennsluplön farin að litast af því að jólin voru í nánd.

Áframhaldandi vinna gekk nokkuð vel hjá kennurum en einungis tveir af fjórum svöruðu til um framhaldið. Ánægja var með að litlir fróðleiksmolar fylgdu með í efninu og með uppsetninguna. Ánægja var með verkefni sem fylgdu með og annar kennarinn taldi að þau hefðu mátt vera fleiri.

#### **4.4. Niðurstöður**

Hér hafa verið taldir upp þeir þættir sem hjálpuðu höfundu að móta og þróa hugmyndir að námsefninu Hljómleik. Eftir þetta ferðalag sem fólst í að kenna sjálf og fá aðra til að kenna grunn að efninu, er það mat höfundar að betra kennsluefni sé að verða til en ella hefði orðið. Felst það þá einna helst í því að hafa fengið utanaðkomandi álit á uppsetningu. En segja má að það eina sem höfundur hefði breytti í kennsluefninu sjálfu út frá ábendingum var að hafa fleiri einfaldari lög í upphafi. Höfundur var að velta fyrir sér að setja fingrasetningarnúmer inn á ukulelemyndirnar og fékk sú hugmynd mikinn hljómgrunn hjá æfingakennurum sem varð til þess að hugmyndin var útfærð með þeim hætti. Höfundur fékk jafnframt ábendingu frá einum kennara um að hafa gítargrip með lögnum í bókinni þar sem gítarar væru vinsælir og víða til í skólum. Eftir umhugsun ákvað höfundur að verða ekki við því vegna þess að þá yrðu blaðsíðurnar dálítið ofhlaðnar sem myndi mögulega trufla börnin. Útgangspunktur höfundar var frá upphafi sá að velja markvisst ukulele fram yfir gítarinn þar sem ukulele er einfaldara og meðfærilegra hljóðfæri fyrir börn. Ákvað höfundur því að hafa eina blaðsíðu aftast í bókinni með myndum af gítargripum í sinni aleinföldustu mynd til þess að koma til móts við þessa ábendingu. Stærsta hjálpin kom þó frá leiðbeinanda ritgerðarinnar, Kristínu Valsdóttur, sem ráðlagði höfundu í upphafi að finna sér grafískan hönnuð til að vanda betur til uppsetningar í kennsluefninu. Það gerði höfundur og telur það hafa verið mjög mikilvægt skref.

## 5. Lokaorð

Af umfjöllun ritgerðarinnar er ljóst að tónmenntakennurum hefur fækkað í íslenskum grunnskólum síðastliðin ár. Flest virðist ennfremur benda til þess að dregið hafi úr áherslu á söng í kennslu barna, barnakórum hefur fækkað og með færri tónmenntakennurum virðist áhersla á söng í skólum fara minnkandi. Endurnýjun námsefnis hefur verið af mjög skornum skammti innan greinarinnar og setja má spurningamerki við það hvort greinin njóti nægjanlegrar virðingar og áherslu innan skólakerfisins, þá sérstaklega í ljósi þess að ekki virðist betur hafa verið passað upp á það í menntakerfinu að viðhalda fullnægjandi framboði tónmenntakennara. Í huga undirritaðrar hefur ekki verið komið til móts við tónmenntakennarastéttina, sem hefur bent á það í um 20 ár hvað valdi því meðal annars að sumir tónmenntakennarar leiti í önnur störf. Betur þarf að hlusta eftir röddum list- og verkgreinakennara til að stuðla að framþróun á þessum sviðum. Starfendarannsóknir ruddu sér til rúms eftir að fræðimenn vöktu athygli á því undir lok seinustu aldar að hlusta þyrfti á raddir kennaranna sjálfra og á það við um alla kennara. Því miður virðist sem áherslu á námsgreinar sé raðað eftir einhverskonar „mikilvægi“. Hver er dómbær á hvaða námsgrein er mikilvægari en önnur? Er slíkt mikilvægi reiknað eftir gjaldeyriskjóm, tilfinningum, fjölda starfa eða öðru? Hvað réttlætir það að tónmenntakennsla sé ekki í boði í öllum skólum eins og stærðfræði?

Tónlist er orðinn stór þáttur í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar (Ágúst Einarsson, 2012). Hún elur af sér stéttir hljóðfæraleikara, söngvara, stjórnenda, menningarfulltrúa, kennara, hljóðvinnslufólks, útgefenda, tónskálda og svo framvegis. Að lifa með tónlist er ein af grunnþörfum mannsins, hvort sem er til að njóta hennar eða til að skapa hana sjálfur. Styðjum því við tónlistina og höfum ekki af börnunum okkar möguleikann á að halda í við þróun með því að gjaldfella tónlistarkennslu í grunnskólum á Íslandi. Menntum og hlustum á tónmenntakennara og styðjum af miklu meiri krafti við rannsóknir og námsefnisgerð tónmennta!

## 6. Þakkir

Höfundur kann leiðbeinanda verksins, Kristínu Valsdóttur, miklar þakkir fyrir gagnlegar ábendingar og ómetanlega leiðsögn. Jafnframt kann höfundur Magnúsi G. Óskarssyni, sem sá um grafíska hönnun og myndskreytingar í kennslubókinni Hljómleik, miklar þakkir. Þá vill höfundur þakka Andres Ramón, ukuleleleikara, fyrir hans leiðsögn. Þakkir færir höfundur einnig öllum þeim kennurum sem voru fúsir til samvinnu eða ráðgjafar varðandi mótun kennsluefnisins.



## 7. Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af

[https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

Ágúst Einarsson. (2012). *Hagræn áhrif tónlistar*. Háskólinn á Bifröst: Prentsmiðjan Oddi.

Ásdís Björg Gestsdóttir og Erla Jónatansdóttir. (2016). *Samsöngur í íslensku skólastarfi Sönglögin sem Íslendingar eiga að kunna að mati tónmenntakennara* (lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Háskóla Íslands). Sótt af

<https://skemman.is/bitstream/1946/25804/1/Samsöngur-í-íslensku-skólastarfi.pdf>

Ásgeir H. Ingólfsson, Elísabet Auður Torp og Þröstur Árnason. (2007). *Kennarinn og bókin hans með geisladiskinn, mynddiskinn og heimasíðuna í bandi. Samband námsefnisgerðar og kennslu* (lokaverkefni í diplómanámi til kennsluréttinda við Háskóla Íslands). Sótt af

[https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=5&ved=2ahUKEwiz\\_uyfrJPeAhWnPOwKHTNkChwQFjAEegQIBhAC&url=https%3A%2F%2Fnotendur.hi.is%2Fingvars%2Fnamskleid%2Fhi%2FSkil%2FNamsefnisgerd.doc&usg=AOvVaw0V71UyHQLnWEIPeIuNKIgl](https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=5&ved=2ahUKEwiz_uyfrJPeAhWnPOwKHTNkChwQFjAEegQIBhAC&url=https%3A%2F%2Fnotendur.hi.is%2Fingvars%2Fnamskleid%2Fhi%2FSkil%2FNamsefnisgerd.doc&usg=AOvVaw0V71UyHQLnWEIPeIuNKIgl)

Aubrey, K. og Riley, A. (2016). *Understanding and Using Educational Theories*. London: Sage publications Ltd.

Auður Guðjónsdóttir. (2017). *Sönglög fyrir börn Söngur í skólastarfi* (ritgerð til M.Art.Ed-prófs í listkennslu við Listháskóla Íslands). Sótt af

<https://skemman.is/bitstream/1946/29113/1/So%CC%88nglo%CC%88g%20fyrir%20bo%CC%88rn%20FINALE.pdf>

Clift, S. M., Hancox, G., Staricoff, R. og Whitmore, C. (2008). *Singing and health: A systematic mapping and review of non-clinical studies*. Canterbury, UK: Canterbury Christ Church University. Sótt af <https://www.canterbury.ac.uk/health-and-wellbeing/sidney-de-haan-research-centre/documents/singing-and-health.pdf>

Bailey, B. A. og Davidson, J. W. (2005). Effects of group singing and performance for marginalized and middle-class singers. *Psychology of Music*, 33(3).

<https://doi.org/10.1177/0305735605053734>

Daubney, A. (2017). *Teaching Primary Music*. London: Sage publications Ltd.

Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1910).

Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).

Dewey, J. (2010). *Í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Eyrún Sigurðardóttir. (2016). *Skapandi ferli: leiðarvísir*. Reykjavík: Háskólaprent.

Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. (2014). List- og verkgreinar. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 241–276). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Goodkin, D. (2002). *PLAY, SING & DANCE. An Introduction to Orff Schulwerk*. Miami: Schott Music Corporation.

Grove-White, W. (2017). *Ukulele for Beginners: How To Play Ukulele in Easy-to-Follow Steps*. London: Cassell.

- Hafðís Guðjónsdóttir. (2011). Rýnt í vinnubrögð starfendarannsóknna: Ólíkar leiðir við gagnaöflun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavíka 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/12368/1/hafdis.pdf>
- Hafþór Guðmundsson. (2008). Starfendarannsóknir við Menntaskólann við Sund. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/002/prent/index.htm>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 63-76. Sótt af [http://skrif.hi.is/helgarut/files/2011/01/%C3%9Atbrei%C3%B0sla-t%C3%B3menntakennslu-a%C3%B0st%C3%A6%C3%B0ur-og-inntak\\_2008.pdf](http://skrif.hi.is/helgarut/files/2011/01/%C3%9Atbrei%C3%B0sla-t%C3%B3menntakennslu-a%C3%B0st%C3%A6%C3%B0ur-og-inntak_2008.pdf)
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónmenntakennsla í íslenskum grunnskólum. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 37-54. Sótt af <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1971/983>
- Herdís G. Oddsdóttir. (2014). Námsefnisgerð í tónmennt. *Greinargerð um námsefnisgerð í tónmennt á vegum skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytisins og síðar skólaþróunardeildar á árunum 1972-1985*. Sótt af: [http://www.musik.is/Pistlar/herdis\\_Oddsdottir-Namsefnisgerd-i-tonmennt.pdf](http://www.musik.is/Pistlar/herdis_Oddsdottir-Namsefnisgerd-i-tonmennt.pdf)
- Huhtinen-Hildén, L. og Pitt, J. (2018). *Taking a Learner-Centered Approach to Music Education. Pedagogical Pathways*. New York, BNA: Routledge.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1994). *Notkun námsefnis í 10–12 ára deildum grunnskóla og viðhorf kennara og nemenda til þess*. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknarrit. Sótt af [https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=3&cad=rja&uact=8&ved=2ahUKEwiun8Ww16neAhVD26QKHRdSBUsQFjACegQIBxAC&url=https%3A%2F%2Fnotundur.hi.is%2Fingvars%2Fnamsefni%2FNotkun\\_namsefnis.doc&usg=AOvVaw1bwYUgH9up6FEPuA3PAnOb](https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=3&cad=rja&uact=8&ved=2ahUKEwiun8Ww16neAhVD26QKHRdSBUsQFjACegQIBxAC&url=https%3A%2F%2Fnotundur.hi.is%2Fingvars%2Fnamsefni%2FNotkun_namsefnis.doc&usg=AOvVaw1bwYUgH9up6FEPuA3PAnOb)

Íslenska Suzukisambandið. (e.g.). Suzuki aðferðin. Sótt af

<https://www.suzukisamband.is/adferdin>

Kristinn Örn Kristinsson. (1998). *Suzuki Tónlistaruppeldi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.

Kristín Heiða Kristinsdóttir. (2018). Tónlistarfolk á Íslandi er svo nett. Sótt af

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/28/tonlistarfolk\\_a\\_islandi\\_er\\_svo\\_net/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/08/28/tonlistarfolk_a_islandi_er_svo_net/)

Kristín Valsdóttir. (2006). *Einhver svona Alí Baba: Rannsókn á viðhorfum og*

*starfsumhverfi farsælla tónmenntakennara*. (Lokaverkefni til M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands). Sótt af

<https://skemman.is/bitstream/1946/34519/1/Einhver%20svona%20Ali-Baba.%20Rannsókn%20á%20viðhorfum%20og%20starfsumhverfi%20farsælla%20tónmenntakennara.pdf>

Kristín Valsdóttir. (2009). Hlutverkavitund og starfsumhverfi farsælla tónmenntakennara.

*Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 67-83. Sótt af [http://fum.is/wp-content/uploads/2010/11/5\\_kristinvals1.pdf](http://fum.is/wp-content/uploads/2010/11/5_kristinvals1.pdf)

Kvale, S. (1996). *Interviews*. London: SAGE Publications.

Pétur Hafþór Jónsson, Helga Jóhannsdóttir, Herdís H. Oddsdóttir, Guðfinna Dóra

Ólafsdóttir, Hlín Torfadóttir, Njáll Sigurðsson, . . . Páll Þorsteinsson. (1977 -78).

Tónmennt 1.-5. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Regelski, T. A. (2004). *Teaching General Music in Grades 4 – 8*. New York, BNA:

Oxford University Press.

Starfshópur um samhæft tónlistaruppeldi í grunnskólum. (2003). *Tillögur um fyrirkomulag*

*tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur*. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Sótt af

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/tillogurumfyrirkomulag\\_tonlistaruppeldis.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/tillogurumfyrirkomulag_tonlistaruppeldis.pdf)

Veronoca Österhammer. (2009). „*Söngurinn göfgar og glæðir, guðlegan neista í sál*“: um íslenskan kórsöng, kirkjukórssöng og samfélagsleg áhrif (lokaverkefni til Bakkalár við Listháskóla Íslands). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/2352/1/Lokaritgerd.pdf>

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society. The development of higher psychological processes*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Menntamálaráðuneytið. (2003). *Íslenskar unglingarannsóknir 1991-200, rannsóknir, greinar, ritgerðir og fleira*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/unglingarann.pdf>

## 8. Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1 -Viðtalsrammi

#### Viðtal – spurningalisti

Nafn  
Skóli

Hversu lengi hefur þú starfað í tónmenntakennslu?

Í hversu stóru starfshlutfalli ertu?

Í hvaða bekkjum kennir þú tónmennt?

Hvernig eru bekkjarstærðirnar í tónmenntatímum?

Hvernig er viðmót skólayfirvalda til tónmenntakennslu?

#### **Kennsluefni:**

- Finnst þér nægjanlegt framboð á kennsluefni í tónmenntum yngri barna?
- Hvað vantar?
- Hvaða kennsluefni ert þú helst að nota?
- Ertu eitthvað að búa þér til aukaefni eða hliðarefni sjálf?
- Hvernig er tækjakostur: Píanó? -Hljómflutningstæki? - Tölvur/hugbúnaður? -Trommur? -Smáhljóðfæri? -4
  - o - Ertu með einhverja hljóðfærakennslu í tónmenntinni?
- Ertu með flautukennslu í tónmenntinni?
- Syngja börnin í tónmennt?
  - o Hversu oft syngja þau?

- Hvað syngja börnin stóran hluta stundarinnar?
- Hvaða undirleikshljóðfæri eru notuð?
- Notarðu skólahljóðfærin í kennslu?
  - Eitthvað kennsluefni sem tengist skólahljóðfærum?
- Ertu eitthvað markvisst að vinna með hreyfingu í tónmenntakennslu?

Sérðu fyrir þér að námsefnið „Hljómleikur“, kennsluefni með að markmiði að kenna undirleikshljóma sem börn myndu læra sjálf á einföld hljóðfæri yrði notað tónmenntakennslu í grunnskóla.

### **Aðstaða:**

- Hvernig er aðstaða þín til tónmenntakennslu, ertu sátt við hana og hvað finnst þér vanta meira?

### **Kennsluhættir:**

- Hvernig ertu aðallega að nálgast tónmenntakennsluna?
- Hvernig er uppbygging kennslustundarinnar?
- Ertu eitthvað að vinna sérstaklega með skapandi þætti – t.d. sköpun í söng eða á hljóðfærum?

### **Álag í kennslu:**

- Ertu sátt/-ur við bekkjastærð
- Væri val þitt á kennsluefni öðruvísi ef þú værir með minni bekkjareiningar?
- Hvernig lítur draumabekkurinn þinn út?
- Færðu stuðningsfulltrúa með í kennslustundir?

### **Endurmenntun:**

- Finnst þér næg endurmenntun í boði fyrir tónmenntakennara?
- Hvernig endurmenntun viltu helst sjá?

Mætti ég nota þetta viðtal eða eitthvað úr því við vinnu í lokaverkefni mínu -  
ef mér fyndist vanta að vitna í það?